



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Laufskálar

2021 – 2022



Hildur L. Jónsdóttir  
leikskólastjóri

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



LĀTUM DRAUMANA RĀETAST



## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Leiðarljós leikskólans .....                                | 4  |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra .....                         | 4  |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021 .....       | 6  |
| 3 Innra mat deilda .....                                    | 16 |
| 4 Innra mat sérkennslu.....                                 | 29 |
| 5 Innra mat – fjöltyngd börn .....                          | 30 |
| 6 Mat næsta ár. ....  | 32 |
| 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....                       | 32 |
| 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 33 |
| 9 Foreldrasamvinna.....                                     | 33 |
| 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                 | 35 |
| 11 Fylgigögn.....   | 37 |
| 11.1 Umsögn foreldraráðs.....                               | 37 |
| 11.2 Fylgiskjal. Umbótaáætlun vegna Ytra mats. ....         | 38 |



## Leiðarljós leikskólans

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Frábært, lærdómsríkt ár að baki. Sterkur hópur starfsmanna þéttist þrátt fyrir að vinna stundum aðskilin vikum saman. Stöðugt verið að finna nýjar leiðir til að tryggja sóttvarnir í leikskólanum og stöðugt verið að gera endurbætur. Barnahópurinn okkar tók þátt í öllum þessum verkefnum með því æðruleysi sem jafnan fylgir æskunni, þau aðlöguðust nýjum leiðum á met tíma og gerðu alla daga betri. Að vinna með börnum á covid tímum er mín mesta gæfa. Að fá að mæta í vinnuna sína og finna að innlegg okkar allra starfsmanna skiptir máli fyrir stóran hóp barna og fjölskyldur þeirra núna meira en áður. Foreldrar barnanna voru samstíga okkur um að vernda leikskólastarfið eins og frekast var unnt og sinntu öllum okkar leiðbeiningum um sóttvarnir. Að fá ekki að koma inn í leikskóla barnsins þíns er áskorun, sérstaklega fyrir þá foreldra sem voru að koma með börnin sín í aðlögun og þekktu hvorki bygginguna né okkur starfsfólkið. Að byggja upp traust í dyrum leikskólans er krefjandi verkefni en okkur tókst það og við gáfum okkur stund daglega til að njóta þess að finna fyrir því trausti sem okkur var sýnt. Börnin komu dag eftir dag og fengu að stunda leikskólann sinn þrátt fyrir að foreldrarnir þekktu ekki starfsfólkið sem var inná deild og fengu aldrei að staldra við og skoða hitt og þetta sem er annars venja. Takk kæri foreldrahópur fyrir samvinnu og traust.

Verkefni leikskólastarfsins eru alltaf þau sömu sama hvað gengur á í þjóðfélaginu og í Laufskálum eins og öðrum leikskólum hristist duglega í allri starfseminni eftir áramótin þegar stytting vinnuvikunnar gekk í gildi. Við fögnum hugmyndinni um styttingu vinnuvikunnar en fáum ekki skilið hvernig þetta á að ganga upp. Ekkert fjármagn með svo viðamiklu verkefni er galið og ef frá er talið uppgefnir, stressaðir leikskólastarfsmenn að þá bitnar þessi starfsmannaskortur á öllum okkar börnum. Margra ára barátta fyrir minni barnahópum þr starfsmann hefur nú verið sópað í burtu á augabragði. Í mínum huga finn ég ekki hvernig þetta fer saman að óska eftir færri börnum þr starfsmann og styttingu vinnuvikunnar. Bjartsýni og jákvæðni er það eina sem dugar núna og vissulega er gott að þrátt fyrir þessa erfiðleika brennir fullt af fólki fyrir leikskólastarfið og lætur ekki slá sig niður en við söknum þeirra sem kjósa að leita annarra leiða og hafa yfirgefið starfsvettvanginn.

Laufskálar fögnuðu 25 ára afmæli í mars. Oft er litið til baka og farið yfir hvað hefur áorkast við svona tímamót en í ár vorum við mest í því að nota þetta afmæli til fagnaðar. Mikið stóð til með kórónum fyrir alla, starfsmannaleikriti, balli og því allra besta, súkkulaðiköku með miklu kremi. Eitthvað



trufluðust fagnaðarlætin útaf sotlu en snillingarnir í Laufskálum fundu leið amk til að borða súkkulaðikökuna ☺ Til hamingju Laufskálar með 25 ára afmælið.

Menntamálastofnun framkvæmdi Ytra mat í leikskólanum haustið 2020. Þetta var lærdómsríkt ferli fyrir okkur öll sem störfum í leikskólanum og heldur áfram að gefa þegar við vinnum að umbótum sem stofnunin lagði til. Ánægjulegt að sjá þáttum innan starfsins sem við höfum lagt mikið í hampað, uppskera erfiðisins gerð opinber.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

### Innra mat

Innra mat í Laufskálum hafði veið i föstum skorðum í nokkur ár en hefur tekið breytingum undanfarin 2 ár vegna breyttra áherslu í starfsáætlun um deildarmat. Við erum enn að máta okkur við það verkefni og viljum næsta vetur vanda okkur og skoða verkferlana varðandi matið. Edda Sigrún Svavarsdóttir leikskólakennari og deildarstjóri er því kölluð að borðinu, fersk úr námi, vegna þekkingar sinnar á mati á skólastarfi og mun vera leiðbeinandi varðandi matið næsta skólaár og vonandi festa í sessi vinnubrögð varðandi deildarmat.



### Barnamat – Leiklist Sigríður Jóna Clausen

Til að þróa leiklistina áfram er sífellt leitast eftir álitum og hugmyndum barnanna yfir annirnar með opnum spurningum. Vangaveltur þeirra eru skráðar niður og hugmyndirnar nýttar til að breyta eða bæta við verkefni. Líkt og undanfarin ár tóku elstu börnin þátt í barnamati og í ár var ákveðið að skoða leiklistina og leiklistarsvæðið til að fá þeirra sýn á verkefni og mögulega annað sjónarhorn á hvernig við gerum það núna en gætum gert betur á næsta skólaári.

Líkt og tíðkast hefur hjá okkur var notast við demantaskráningu með myndum af leiklistarverkefnum sem gerð voru á skólaárinu. Verkefni voru: Búningar, andlitsmálning, læknaleikur, sjóræningjaleikur, brúðuleikhús, skuggaleikhús, látbragðsleikur, táslumálning, örlagavefur, söguteningar og að kynna sig. Börnunum var skipt í tvo hópa og komu til skiptis í spjall við verkefnastjóra leiklistar. Vinnan var tekin upp á myndband með leyfi barnanna til að matsaðili hefði frjálssar hendur meðan umræður



ættu sér stað og skrifleg skráning gæti þá átt sér stað í lok viðtals. Börnin voru spurð um leiklist, hvað þau gerðu í leiklist, hvað kennari gerði í leiklist, hvað þeim þætti um leiklistarsvæðið, hvort þeim þætti eitthvað vanta í leiklist og hvort þau fái að ráða í leiklist. Síðan skoðuðu þau myndirnar af leiklistarverkefnum og tóku þátt í umræðu um þau og röðuðu þeim upp frá því sem þeim þótti skemmtilegast niður í það sem var síst skemmtilegast, eða með öðrum orðum leiðinlegast. Börnin ræddu þetta sín á milli og unnu saman að því að raða eftir þeirra áliti en misjafnar skoðanir þeirra urðu til þess að þau kusu sín á milli hvar hvert verkefni ætti að vera í röðinni.

Mat barnanna á leiklistaverkefnum, demantaskráning

Hópur 1

Hópur 2



Í ljós kom að börnin eru öll ánægð með leiklistina og finnst hún skemmtileg þar sem þá eru skemmtilegir hlutir framkvæmdir. Það sem bar af var sjóræningjaleikurinn sem var að mati sumra ekki nógu oft framkvæmdur en á móti kemur að við erum að kynna okkur alltof oft.

Leiklistasvæðið: Þegar börnin voru spurð út í leiklistasvæðið var það talið fínt og stórt, nógu stórt til að mega hlaupa, en staðsetningin var ekki ákjósanleg.

„Sumir kennarar labba fram hjá og trufla“

Börnin eru þá að vísa til þess að svæðið sem leiklistin er kennd á er einnig gangvegur kennara að starfsmannasvæðum. Það er mikið um umferð kennara og börnin telja þetta ekki gaman og nefna þá

sérstaklega þegar þau eru upp á sviði að kynna sig. „Þá þurfum við að byrja upp á nýtt.“ Í áframhaldandi umræðu var það líka talið trúflandi að kennari komi að tala við verkefnastjóra leiklistar meðan leiklistastund á sér stað og þegar yngri börnin eru að hlaupa eða gráta á leið sinni fram hjá. Þá verði svo mikill hávaði. Börnin ræddu þá að betra væri að hafa leiklistina á svæði þar sem það væru ekki svona margir kennarar og aðrir krakkar að labba um og trufla. Kom þá hugmynd frá þeim að hafa leiklistina á íþróttamottunni. Þá eru ekki kennarar að ganga fram hjá og trufla.

Fyrir utan þessa vankanta voru börnin afar sátt og glöð með leiklistastundirnar. Það kom á óvart að þau töldu einföldu upphitunarleikina sem við gerum í byrjun hvers tíma með því skemmtilega sem þau gera, t.d. stórfiskaleikur, stoppdans, hollinn skollinn o.fl.



Einnig var það óvænt að sjá verkefni sem sneru að sögugerð frekar ofarlega í demantinum meðan verkefni sem slegið hafa í gegn ár eftir ár, t.d. andlitsmálning og búningar, voru neðar í röðinni. Það gæti útskýrst af því að í umræðu um hvort börnin fengu að ráða í leiklist þá sögðu þau „Já, stundum. Þegar við erum að gera svona söguvef.“ Einnig nefndu þau að þau fengu að velja leiki og hvað þau gera í leiklist stundum þrátt fyrir að þegar þau voru spurð í upphafi hvort þau fengu að ráða þá sögðu þau öll: NEI.

Börnin sögðu ekkert leiðinlegt í leiklistina nema sum sögðust vera þreytt á að kynna sig. Það er skiljanlegt þar sem hún hefur verið framkvæmd í hverri einustu viku síðan í haust. Með því að breyta til og hafa hana frekar aðra hverja leiklistastund væri hægt að mæta óskum barnanna og gera upplifunina ánægjulegri fyrir þau en á móti kemur að mörg hver töluðu um þetta sem skemmtilegt verkefni því þá fá þau að segja hvað þeim finnst gaman að gera eða hvað er uppáhalds.

Yfir heildina voru börnin afar ánægð með leiklistastundirnar og verkefni sem hafa verið framkvæmd. Það sést best þegar leiklistakennari gengur um skólann og börnin spyrja í sífellu um það hvenær þau



fá að koma í leiklist. Það allra helsta sem kom úr þessu barnamati er upplifun barnanna á því að þau fái ekki að ráða og það sem þau sögðu um leiklistasvæðið og truflun þar. Fyrir næsta ár verður farið meira í það að gefa börnunum tækifæri að setja upp sínar leiklistastundir og hvaða verkefni þau vilja framkvæma á lýðræðislegan og myndrænan hátt. Með því að gefa börnum val með myndrænum hætti gætu börnin átt auðveldara með að sjá að þetta er þeirra val en hingað til þegar börnin hafa haft val þá er það allt munnlegt, t.d. þegar þau biðja um búninga og kennari segir já, hver er það þá sem ræður? Í augum barnanna er það kennarinn en ef börnin segjast vilja búninga og setja annað hvort nafn sitt eða mynd af búningum upp á töflu þá fái þau áþreifanlegri sönnun á að þau réðu þessu. Einnig mun verkefnastjóri ræða við stjórnendur og starfsfólk í húsi um umferðina á leiklistasvæðinu. Ljóst er að ekki er í boði að banna ferðir þarna á milli en ef starfsfólk verður meðvitaðra um að þetta er truflun fyrir börnin þá gæti mögulega fækkað ferðum og óþarfa ráp hætt.

Leiklistin er eins og áður sagði í sífelldri þróun hjá okkur og verkefnum hefur bæði fjölgað og orðið markvissari að því að efla sjálfsmynd barna. Það er trú okkar að leiklistin sé eitt besta verkfærið til þess og að við erum að vinna í því að gera börnin okkar sterkari, öruggari og opnari með henni og því er það okkur mikilvægt að hafa þátttöku barna í matinu. Án þeirra hugmynda og skoðana væri starfið bara hálfunnið.

## Mat Raddir starfsmanna, Guðrún Rut Bjartmarsdóttir

Hvernig hefur þér liðið í vinnunni á covid tímum?

Eins og undanfarin ár gefum við öllu starfsfólki tækifæri á að meta starfið okkar og höfum við kallað það raddir starfsmanna. Í ár ákváðum við að spyrja út í líðan og verkferla á covid tímum. Einnig gáfum við starfmönnum tækifæri á að segja frá því sem vel var gert þetta skólaár og því sem betur mætti fara.



Spurningunni Hvernig hefur þér liðið í vinnunni á covid tímum svaraði starfsfólk að því hefði liðið vel og væri þakklát fyrir að geta mætt til vinnu og jákvæðni hefði verið í



starfsmannahópnum sem hefði hjálpað til, það kom þó fram hjá tveimur að þeir hefðu fundið fyrir kvíða eða hræðslu um eigin heilsu og heilsu barnanna í leikskólanum.

Næsta spurning var um hvað var vel gert í leikskólanum vegna Covid. Voru starfsmenn sammála því að hólfaskiptingar og sótthreinsanir hafi gegnið vel. Hvernig starfsfólk hafi staðið saman í öllum þeim breytingum sem þurfti að gera hafi verið til fyrirmyndar og verið til þess að allt gekk vel. Þá kom fram að reglur hefði verið skýrar um hvað við þurftum að gera og hvað foreldrar mættu og mættu ekki.

Spurningin hvað hefði mátt gera betur á covid tímum sögðu sumir að ekkert hefði getað farið betur. En það voru ekki allir samála því, starfólk talaði um lítinn tíma til að gera breytingar þegar nýjar reglugerðir um sóttvarnir í skólastarfi voru gefnar út. Þessar breytingar hafi gert vinnuaðstöðuna erfiða t.d mismunandi inngangar og kaffiaðstaða kennara. Starfsfólk hefði mátt passa betur upp á að mæta ekki í vinnu með einkenni og það á líka við um börn.



Tvær síðustu spurningarnar voru um annað sem vel var gert og það sem hefði betur mátt fara í vetur.

Starfsfólk talaði um að vel hafi verið haldið um starfsmannahópinn í vetur og þeir og foreldrum haldið vel upplýstum um nýjar reglur og takmarkanir. Starfsmenn hafi almennt verið jákvæðir og lítið hafi verið um álag vegna manneklu. Dagskrá barnanna hafi að mest haldið sér og þau hafi fundið lítið fyrir ástandinu í þjóðfélaginu innan veggja leikskólans. Stytting vinnuviknar gekk vel (fórum í 38 tíma styttingu)

Matseðillinn mætti vera fjölbreyttari að mati starfsmanna og börnin ættu að fá að taka þátt í að gera matseðla. Væri gott að hafa hugmyndabanka til að safna hugmyndum að verkefnum

fyrir börnin. Einnig kom fram að ábyrgð og ákvarðanatataka væri stundum á reiki.

Þegar þessi leið er farin eru starfsmenn líklegri til að framkvæma umbætur. Fólk kemur með hugmyndir að umbótum og tekur þátt í að framkvæma þær. Mikil ánægja er með þennan þátt í starfinu okkar því allir koma jafnt að borðinu og upplifunin er að hlustað sé á raddir allra.

Umbætur eiga allar að fara fram skólaárið 2021-22 eða fyrr. Ábyrgð er hjá leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

## Ytra mat

Þetta var stórt ár í ytra mati því Skóla og frístundasvið framkvæmdi bæði könnun á meðal starfsmanna og foreldra. Menntamálastofnun tók starfið líka út í heild í viðamikilli könnun sem skilar sér beint inni starfið okkar.

### Starfsmannakönnun.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í febrúar 2021 og góð þátttala var meðal starfsmanna Laufskála. Grænt skor var í miklum meirihluta og meðaltal allra þátta 4,20 sem var hækkun frá könnun 2019 (4,17). Þar sem mikið hefur verið fjallað um starfsumhverfi í Laufskálum var ánægjulegt að sjá þáttinn um hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi hækka úr 4.14 í 4.18, ekki mikil hækkun en á grænu og greinilegt að meðvitund um þennan málaflokk er mikil meðal starfsmanna. Tveir þættir sem spurt var um eru á rauðu sem er ekki viðunandi. Þættirnir sem um ræðir eru um vinnuhraða og álag, mikil meirihluti starfsmanna metur leikskólastarfið sem mikið álag og upplifir að það vinni á of miklum hraða. Erum örlítið ráðþota með umbætur þegar stytting vinnuvikunnar eykur enn á álag og hraða.

### Foreldrakönnun.

Mikil ánægja er meðal foreldra með leikskólastarfið og við skorum grænt á öllum þáttum nema einum. Þessi eini þáttur er varðandi hvort leikskólinn leiti til foreldra eftir tillögum og hugmyndum. Það væri vissulega gaman að hafa þennan þátt líka grænan í stað gula litarins en hugmyndin stangast svolítið á við nútímaskólakerfi. Leikskólastarfið er skipulagt af fagfólki og vissulega hafa foreldrar rödd varðandi uppeldi og kennslu síns barns en við höfum ekki sóst eftir tillögum um leikskólastarfið í heild. Foreldrar hafa komið með tillögur í gegnum



stjórn foreldrafélags sem hafa líklega undantekningalaust verið prófaðar og sumar fest sig í sessi, dæmi um það er hestaheimsókn, stóri fiskafræðsludagurinn (kynjafiskar í fylgd eins pabbans) skipulag sumarhátíðar, útskriftar oþh.

### Mat Menntamálastofnunar.

Menntamálastofnun sendi fulltrúa sína í Laufskála í september 2020 og þá var framkvæmt ytra mat. Matið var vel framkvæmt og lærdómsríkt fyrir okkur að fylgjast með og taka þátt. Nokkrir þættir þarfnast umbóta að mati stofnunarinnar og við erum sátt við að takast á við það verkefni að finna umbótunum tíma og rými. Leiðinlegt var að fá „neikvæða“ umfjöllun um þætti sem voru í góðu lagi en spurningin eða könnunin um þáttinn of „lokuð“. Dæmi um þetta er þegar fjallað er um matseðil leikskólans. Hann er ekki birtur á heimasíðu leikskólans og það þótti ekki gott en hvergi kom fram að matseðillinn er sendur vikulega með tölvupósti til foreldra, skráður í Völu og birtist í appi foreldra og hengdur upp við útgang öllum til sýnis. Hér fyrir neðan eru dæmi um matsþætti Menntamálastofnunar en annars er vísað á heimasíðu stofnunarinnar þar sem matið er birt í heild.

## Leikskólinn og umhverfi hans

### Leikskólinn

Leikskólinn Laufskálar er fjögurra deilda leikskóli sem er staðsetur við Laufríma 9 í Grafarvogi.

Leikskólinn tók til starfa 25. mars 1996. Stefna leikskólans er að hafa deildirnar sem aldurhreinastar og fyrir hvert skólaár flytja börn og starfsfólk saman upp á milli deilda eins og kostur er. Á Birkilundi eru 1–2 ára börn, á Grenilundi eru 2–3 ára börn, á Lerkilundi eru 3–4 ára börn. Furulundur er eina deildin þar sem öll börnin eru fædd á sama ári en það eru elstu börnin.

Í september 2020 dvelja 83 börn í Laufskálum, 45 stúlkur og 38 drengir. Heildartala barna efir deildum er: á elstu deild eru 19 börn 5 ára, 17 börn eru 4ra ára, 24 börn eru 3ja ára, 19 börn eru 2ja ára og 4 börn eru 1 árs. Fjögur börn eru með skilgreinda sérkennslu og 19 börn eru með annað móðurmál en íslensku. Í Laufskálum er boðið upp á hollar og næringarríkar máltíðir sem unnar eru frá grunni í eldhúsi leikskólans. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30–16:30.

### Starfsmenn

Við leikskólann starfa 26 starfsmenn í 24 stöðugildum, Tveir karlmenn og 24 konur. Átta stjórnendur eru í Laufskálum, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, fjórir deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, verkefnastjóri og þrír



deildarstjórar eru með leikskólakennaramenntun, þar af eru tveir með meistaragráðu og einn deildarstjóri er með menntun í mannfræði. Tveir leikskólakennarar án deildarstjórastöðu eru í starf með börnunum. Tveir starfsmenn eru leikskólaleiðbeinendur A, annar menntaður íþróttافرæðingur og hinn í menntunarfræði. Tólf leiðbeinendur eru án háskólamenntunar. Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara. Starfsmenn í eldhúsi eru tveir í 170% starfshlutfalli.

### Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er rúmgott, snyrtilegt og fallett. Deildirnar eru fjórar og samanstendur hver þeirra af tveimur leikstofum og hreinlætisaðstöðu. Leikgangur liggur í gegnum húsið og er þar aðstaða til grófhreyfingar, listsköpunar og leiklistar. Einnig er þar bókasafn og matsalur þar sem börnin af tveimur eldri deildum og einn hópur af hvorri yngri deild matast. Sameiginlegur fataklefi er í öðrum enda hússins. Innangengt er af leikgangi á skrifstofu leikskólastjóra, undirbúningsherbergi, kaffistofu, herbergi til sérkennslu og viðtala ásamt eldhúsi og þvottahúsi. Leikstofurnar eru ekki stórar og er því mikilvægt að nýta vel sameiginlegt rými til að skipta upp barnahópnum. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverf leikskóla nr. 655/2009.

Útileiksvæðið liggur á þrjá vegu meðfram húsinu. Á svæðinu sem liggur samhliða húsinu baka til eru nokkuð fölbreytt leiktæki. Við gafl hússins er grassvæði og að framanverðu eru rólur. Girðing og hlið aðskilur svæðið samhliða húsinu. Í rýnivíðtali við starfsmenn kom fram að garðurinn sé illa nýtur. Yfirleitt sé aðeins svæðið sem liggur samhliða húsinu nýtt þar sem erfitt sé að hafa yfirsýn yfir aðra hluta garðsins og þeir girtir af. Nýuppgert opið leiksvæði er rétt við leikskólann og einstaklingsbundið hvort það er nýtt fyrir barnahópa.<sup>5</sup> Í foreldrakönnun taldi mikill meirihlut foreldra aðbúnað barna í leikskólanum góðan en þó komu fram athugasemdir um að húsnæði væri of lítið og að útsvæðið of illa nýtt, vanti fleiri leiktæki og nýta þurfi svæðið betur.<sup>6</sup>

### Hugmyndafræði og áherslur

Í Laufskálum er áhersla lögð á leiklist, lýðræði og samskipt. Leikskólinn hefur mótað sína hugmyndafræði m.a. út frá meistaraverkefninu Leiklist í leikskóla og sjálfsmýnd barna efir Önnu Báru Sævarsdóttur frá 2014. Þegar kemur að hugmyndafræði og uppeldislegrí sýn er horf til Dewey, Vygotsky, Bruner og Gardner.<sup>7</sup> Í Laufskálum hefur verið sett fram agastefna og starfa allir eftir henni. Þar er notuð aðferð sem tryggir að allir kennarar nálgist börnin á sama hátt og að börnin vita hvernig brugðist er við hegðun þeirra. Agastefnan byggir á setningum sem gefa kennurum tækifæri til að koma að hegðunarmótun á virðingarverðan og sanngjarnan hátt.<sup>8</sup> Á vettvangi og í rýnihópum kom fram að starfsmenn eru mjög meðvitaðir um stefnu leikskólans og í rýnihópum var stefna skólans gjarnan nefnd sem helst styrkleiki hans. Meirihlut foreldra segist þekkja stefnu leikskólans og eru



ánægðir með hana. Foreldrar telja að unnið sé markvisst með stefnu og markmið skólans.<sup>9</sup> Samkvæmt Skólanámskrá Laufskála eru einkunnarorð leikskólans *Opinn hugur, nærgætni virðing, jákvæðni, gleði og virk hlustun*. Á vettvangi sáu matsmenn að einkennisorðin eru sýnileg í gluggafilmum utan frá en ekki innanhúss á veggjum skólans. Í rýnihópum áttu flestir erfitt með að nefna einkunnarorð leikskólans.<sup>10</sup>

### Styrkleikar

- Húsnæðið er rúmgott, snyrtilegt og fallegt og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð.
- Húsnæði er vel skipulagt.
- Stefna leikskólans er skýrt set fram í skólanámskrá.
- Starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu leikskólans.
- Markvisst er unnið samkvæmt stefnu leikskólans og er hún mjög sýnileg í starfinu.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða kennara til starfa.
- Leita þarf leiða til að nýta útleiksvæði leikskólans betur.
- Taka þarf upp umræðu um einkunnarorð leikskólans svo allir séu meðvitaðir um þau og gera þau sýnilegri í leikskólanum.

### Mat á námi og velferð barna

Skimunarprófið Hljóm-2 sem kannar hljóð- og málvitund barna, er lagt fyrir öll fimm ára börn að hausti. Tveir deildarstjórar fóru á síðasta ári á námskeið til að læra að nota *TRAS* skráningalistann og eru þeir aðeins að byrja að kynna sér hann og nota. Listinn er fylltur út tvisvar á ári og er gerður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima efir frávikum í mál- og félagsþroska. Fram kom að fleiri deildarstjórar hafa áhuga á að fara á námskeið í vetur og í framhaldi af því verði listinn notaður sem eitt af matstækjum leikskólans. Einnig kom fram að hluti af Efi 2 listanum og orðaskil er notað ef meta þarf málþroska. Í ákveðnum tilfellum er íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn notaður. Starfsfólk hefur gert samskiptaskráningar sem notaðar hafa verið til að meta velferð barna.

4 Rýniviðtal við starfsmenn og leikskólakennara.

5 Rýniviðtal við deildarstjóra.

6 Foreldrakönnun vegna ytra mats í leikskólanum Laufskálar.

7 Skólanámskrá Laufskála.

10 Leikskólinn Laufskálar Ytra mat 2020



Leikskólinn og heilsugæslan eiga gott samstarf vegna þroskaskimana sem gerðar eru á heilsugæslunni. Deildarstjórar sögðust vera með gamlan gátlista sem þeir nota til að undirbúa foreldraviðtöl. Einn deildarstjóri er að byrjaður að vinna með ferilmöppu barna. Farið er yfir mat á stöðu barnanna í foreldraviðtölum en foreldrar taka almennt ekki þátt í mat á námi og framförum sinna.<sup>50</sup>

Í forelðrakönnun sem gerð var af MMS í september 2020 kemur fram að rúmlega 50% foreldra eru sammála um að hafa tekið þátt í að meta framfarir barnsins. Rúmlega 25% foreldra svara hvorki né en 22% eru ósammála. Tæp 65% foreldra telja sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Þegar spurt er um hvort foreldrar telji að barnið sýni stöðugar framfarir í leikskólanum eru 98% foreldra sammála því.

### Styrkleikar

- Andrúmsloft er gott og nærvera starfsmanna er þægileg.
- Virðing umhyggja og uppbyggjandi samskipt eru einkennandi milli starfsfólks og barna.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra. Samstarf og samvinna starfsmanna er sýnileg á vettvangi.
- Vel er unnið með lýðræði, jafnrétti og þátttöku barnanna.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með námskrágerð eldri barna á haustin og hvernig hún er set sjónrænt upp.
- Leikskólinn hefur gert læsisstefnu.
- Unnið er með flesta grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Til er agastefna Laufskála sem starfsmenn þekkja og sýna þeir sömu viðbrögð við krefjandi hegðun barna.
- Lýðræðisleg þátttaka barnanna birtist í námskrágerð þeirra eldri. Börnin hafa frjálst aðgengi að leikfni og áhrif á hvaða verkefni eru í boði.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Taupokar eru notaðir undir óhrein föt.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að fram fari umræða um hlutverk starfsmanna í matartímum. Til dæmis hvernig nýta mætti matmálstíma til umræðna, fræðslu og málörvunar.
- Æskilegt er að fram fari umræða um starfið í listakrók og á grófhreyfisvæði.
- Gera æti skapandi myndlistarstarf og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Gera ritmál sýnilegra í umhverfinu.
- Leita ætti leiða til að gera mat á námi barna fölbreyttara, markvissara og samræma það fyrir allan leikskólann. Svo sem hreyfifærnimat, uppeldisfræðilegar skráningar og ferilmöppur.



- Leita leiða til að foreldrar komi að mat á námi og framförum barna.

50 Rýnihópur deildarstjóra.

19 Ytra mat 2020 Leikskólinn Laufskálar

### 3 Innra mat deilda

#### Birkilundur 2 ára börn Anna Bára Sævarsdóttir



#### Aðaláhersla vetrarins 2020-2021

Samkvæmt deildarnámskrá deildarinnar voru eftirfarandi atriði þau sem leggja átti áherslu á: Að leggja fyrst og fremst áherslu á að sýna börnunum **nærveru, skilning og virðingu**, mikið af okkar tíma fyrir áramót fer í að kynnast og læra inná hvort annað. Málþroski barna er misjafn milli barna á þessum aldri og er því mikilvægt að vera virkur og jákvæður í samskiptum við börnin.

Við lögðum okkur öll fram við að sýna börnunum nærveru, skilning og virðingu og skilaði það sér því að börnin urðu fljótt örugg og aðlögun gekk með eindæmum vel. Kennarar eru misjafnir eins og þeir eru margir og því misjafn hversu virkir og jákvæðir í samskiptum kennarar hafa verið við börnin. Heilt á litið hefur okkur tekist vel til að leggja áherslu á þessa þætti.

#### Skipulagt starf

**Litavika** - Sérstök áhersla lögð á litina, hjálpa þeim að þekkja litinn og leita af honum í nánasta umhverfi. Á föstudögum eru allir hvattir til þess að klæðast einhverju í lit sem vikan



tilheyrir. Bleik vika 12- 16 október, Blá vika 9 – 13 nóvember, rauð vika 7- 11 desember.  
Fjólublá vika 8- 12 febrúar, græn vika 8- 12 mars og gul vika 12- 16 apríl.

Litavikurnar fóru vel af stað þar sem við söfnuðum saman efnivið í lit vikunnar, máluðum myndir og skoðuðum litinn. Fyrst um sinn mættu börnin í lit vikunnar en svo féll það niður. Einhverjar litavikur gleymdust eða ekki markvisst unnið með litinn. Ástæða þess að litavikurnar fóru dalandi er aðallega vegna þess að við vorum með of mikið af verkefnum, veikindi og samskiptaleysi kennara. Betra hefði verið að vera með skipulag litaviknanna hengt upp á vegg.

**Könnunarleikur** - Byrjað var með könnunarleikinn þann 19. október og er tilgangur leiksins að barnið fái tækifæri til þess að rannsaka efniviðinn sem er í boði. Börnunum skipt upp í fjóra hópa og fær hver og einn einstaklingur sinn efnivið. Kennari situr til hliðar og hefur ekki afskipti af leiknum nema ef barn sækir eftir aðstoð eða ef einhver ruglast. Skráning í leiknum verður í ljósmyndum. Könnunarleikurinn verður milli 9:20 – 9:50 mánudaga- fimmtudaga.

Við unnum mikið með könnunarleikinn í dágóðan tíma í byrjun annar og gekk það mjög vel. Við unnum ekki markvisst með könnunarleikinn eins og áætlað var og ekki á þeim tíma sem lagt var upp með í byrjun. Börnin voru mjög áhugasöm, og úthald barnanna í leiknum var mjög gott hjá öllum börnunum. Við unnum með könnunarleikinn af og til þegar tími gafst. Skipulag könnunarleiksins hefði gengið mikið betur ef við hefðum ekki verið með of mikið af verkefnum og byrjað með hópastarf.

### **Daglegar venjur:**

**Útivera** – Gefa góðan tíma til að auka gæði í samskiptum í fataklefa. Útivera kjörin til að efla grófhreyfingar.

Útivera gekk mjög vel hjá börnunum í allan vetur, flest börnin una sér vel í útiveru og höfum við nánast geta haldið því að fara út á hverjum degi fyrir hádegi og stundum eftir hádegi. Börnin hafa verið að æfa sig mikið í að klifra í kastalanum, renna sér og fleira og eflt grófhreyfingu til muna.

**Samverustundir** – Áhersla lögð á að tala og syngja hátt og skýrt, vera grípandi í söng og frásögn. Endurtekning er mikilvæg til að gefa þeim færi og öryggi til að taka þátt.



Samverustundir hafa yfirhöfuð gengið vel, börnunum var skipt í tvær samverur, eldri og yngri hóp og hafa hóparnir verið eins frá byrjun. Við vorum einnig með morgunfundi frá byrjun þar sem öll börnin eru saman og hefur það gengið mjög vel. Börnin eru áhugasöm, taka þátt og syngja hátt og skýrt. Það eru ákveðnir einstaklingar sem eiga stundum erfitt með samverustundir, við höfum stundum haft tækifæri á að bjóða þeim í minni samveru sem hefur gengið mjög vel og munum eflaust halda því áfram.

**Klósettferðir** - Leggjum sérstaklega áherslu á að gefa börnunum góðan tíma, þetta á að vera gæðastund þar sem kennari getur spjallað við barnið.

Klósettferðir hafa yfirhöfuð gengið vel, nýtt þennan tíma í gæðastundir, spjallað og frætt börnin um leið. Getum öll gert ennþá betur og gefið okkur meiri tíma í þessar stundir og átt meiri og betri samskipti.

**Frjáls leikur** - Gefa mikið frelsi á vali á efnivið, reyna vekja áhuga og úthald þeirra í verkefnum.

Börnin hafa fengið mikið rými fyrir frjálsan leik, fengið að velja sér efnivið. Þurfum að hafa í huga að hafa ekki of mikinn efnivið í boði og vera með þeim á gólfinu, vekja áhuga hjá þeim svo þau haldist betur í leik.

**Tónlist** - Leggjum mikla áherslu á að dansa, syngja og hlusta á tónlist. Tónlist er gott tækifæri til þess að efla málþroska, hreyfingu og fanga athygli barnanna.

Við höfum unnið mikið með tónlist þennan vetur en mættum gera ennþá betur. Við syngjum á morgunfundum, hlustum á lag barn vikunnar og dönsu. Höfum verið með dansiball nokkrum sinnum inn í bóli sem hefur vakið mikla lukku og börnin flest til í dans og söng.

**Litahringur** - Hefst alla daga frammi á íþróttamottu syngja saman lög og eru svo sungin inn á deildir eftir vistunartímum.

Vegna heimsfaraldsins unnum við ekkert með litahringinn í vetur.

**Áherslur sem unnar voru með en voru ekki í deildarnámskrá:**

**Barn vikunnar** – Verkefni sem byrjað var með um haustið, í október. Gert var skipulag með því hvaða barn væri barn vikunnar frá október til apríl. Skipulagið og leiðbeiningar um



verkefnið var sent til foreldra. Markmið verkefnisins er að efla sjálfsmynd barnsins, að barnið fái notið sín sem einstaklingur í leikskólanum og að efla samstarf heimilis og skóla. Stór mynd af barni vikunnar var hengd upp á vegg. Börnin fóru með Eyrnaslapa heim og foreldrar skrá í bókina með barninu viðburði helgarinnar, áhugamál og uppáhalds tónlist. Börnin hvött til að teikna mynd heima og sýna í leikskólanum. Þau koma með dót af heiman til að segja frá og sýna hinum börnunum. Við hlustum á uppáhaldslag barnsins. Barnið velur bók sem lesin er í samverustund. Foreldrar hvattir til þess að senda okkur myndir af fjölskyldunni og börnin sýna okkur og segja frá. Einnig er barnið umsjónarmaður og veðurfræðingur alla vikuna. Í vikunni eru ljósmyndir teknar og skráning sett í ferilmöppur.

Mikil áhersla var á þetta verkefni og gekk það mjög vel. Skipulagið og vinnan með þetta verkefni gekk mjög vel og voru allir kennarar virkir í því. Börnin sýndu þessu verkefni mikinn áhuga og öll börnin voru tilbúin að taka þátt í því. Við sáum að þetta verkefni hjálpaði til við að efla sjálfsmynd, börnin urðu öruggari með sig og fannst gaman að fá athyglina. Þau fengu mikla þjálfun í framkomu. Foreldrar voru einnig ánægðir með verkefnið og tóku þátt. Við tókum myndir, gerðum skráningu sem er kominn í ferilmöppurnar þeirra. Það eina sem við hefðum geta gert betur í þessu verkefni er að passa upp á að taka fleiri myndir af hverju barni og muna að leyfa barninu að velja bók. Börnin voru ekki umsjónarmenn aðallega vegna heimsfaraldursins.

**Hópastarf** - Hópastarf 3 x í viku eftir morgunmat og áður en við fórum út. Deildinni skipt í 4 hópa og gert var skipulag þar sem kennarar gátu séð hvaða hóp þeir voru með og á hvaða svæði þeir áttu að vera á.

Þegar við fórum í hópastarf gekk það mjög vel, það tók smá tíma að koma sér inn í verkefni. Börnin voru áhugasöm. Eftir morgunfund fórum við í hópastarf en á tímabili voru börnin komin út um allt. Við bættum úr því

**Ferilmöppur** - Börnin fá öll eigin ferilmöppur þar sem safnað er saman verkefnum og skráningum frá árinu. Ferilmöppurnar fylgja barninu alla leikskólagönguna og fá svo að taka hana með sér þegar leikskólagöngu líkur. Í ferilmöppunum er því hægt að fylgjast með vexti og þroska barnsins. Eitthvað var unnið í ferilmöppunum en illa gekk að festa vinnu við hana í sessi meðal kennara deildarinnar. Þarna er tækifæri til umbóta.



**Fréttabréf til foreldra** – Þó nokkuð vinna var lögð í fréttabréfin enda takmörkuð samskipti. Áhersla var lögð á myndræna skráningu. Foreldrar voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og stefnt er að halda þessari skráningu áfram.

### **Grenilundur 3 ára börn, Vala Björk Gunnarsdóttir**



Aðaláhersla vetrarins var að miða starf deildarinnar út frá gleði og áhuga barnanna sjálfra og að verkefnin væru unnin með lærdómsferlið í huga frekar en að einblína á útkomuna. Einnig var áhersla lögð á að börnin lærðu að leika sér í sátt á samlyndi, lærðu að deila leikfni, lærðu að tjá hugmyndir sínar og langanir í leiknum og lærðu æskilegar leiðir í samskiptum við leikfélaga. Auk þess voru settir fram ákveðnir matsþættir eða áherslupættir og það útlistað hvernig áætlað væri að ná þeim fram og hvernig skyldi metið hvernig hefði gengið. Þessir þættir voru: *sjálfshjálp*, *leikþjálfun*, *heilbrigði* og *hreyfing*, *hópastarf* og *læsi* og voru valdir með áherslur deildarnámskrár í huga sem og þau þemaverkefni sem áætluð voru fyrir veturinn. Hér að neðan er þessum þáttum lýst ítarlegra, hvernig áætlað var að vinna með þá, hvernig gekk og tækifæri til úrbóta.

#### *Sjálfshjálp*

Þemaverkefni í september og október 2020 var sjálfshjálp en markmiðið með því var að í lok verkefnisins gætu börnin klætt sig í pollabuxur/kuldagalla eða sýndu viðleitni að reyna að klæða sig að einhverju leyti sjálf. Leiðin til þess var að gefa börnunum aukin tíma og aukið rými til þess að æfa sig að klæða sig sjálf og gefa þeim tækifæri til þess að reyna og prófa sig áfram sjálf.

Tímaramminn sem við gáfum okkur voru þessir tveir mánuðir en við sáum fljótt að þessi hvatning í fataklefanum þyrfti að vera áherslupáttur til lengri tíma enda börnin mismunandi



stödd hvað varðaði getu og vilja til þess að klæða sig sjálf. Við unnum því í þessu hægt og rólega alla önnina og vorum börnunum hvatning og stuðningur. Nú í byrjun vorannar geta langflest barnanna klætt sig sjálf, eða í það minnsta að einhverju leyti, fái þau tímann og hvatninguna.

### *Leikþjálfun*

Markmiðið með þessum þætti var að börnin gætu leikið sér saman í smærri hópum án afskipta kennara. Sú leið sem áætlað var að við færum til þess að ná þessu markmiði fram var að við kennararnir værum til staðar í leik og gripum inni og leiðbeindum þegar þörf væru á. Tímaraminn sem við gáfum okkur var öll haustönnin. Við lögðum mikla áherslu á að skipta börnunum upp í smærri hópa í frjálsa leiknum og bjóða þar að auki uppá fjölbreyttan og áhugaverðan efnivið og nýttum agastefnu Laufskála til þess að takast á við þær aðstæður sem upp komu. Þessi vinna gekk vel og voru flest börnin nokkuð fljót að tileinka sér þau verkfæri sem agastefnan veitir þeim, meðal annars að setja félögum sínum mörk með því að segja stopp.

Fljótlega eftir áramót bættust þrjú börn í hópinn af yngri deild og því töldum við ástæðu til að tvískipta hópnum til þess að við gætum betur mætt börnunum og gefið þeim þetta aukna rými sem við töldum nauðsynlegt til þess að viðhalda þeim árangri sem náðst hafði. Það var því gripið til þess ráðs að skipta börnunum í tvo hópa þegar kom að útiveru. Annar hópurinn fór út fyrir hádegi og hinn eftir hádegi. Þetta reyndist vel og töluverð ró skapaðist enda færri börn inni hverju sinni. Vegna styttingar vinnuviku sáum við okkur því miður ekki fært að halda þessu skipulagi til streitu og leggjum nú þess í stað áherslu á að nýta fleiri rými leikskólans í frjálsum leik inni eftir hádegi.

Við sáum þörf á að kenna börnunum að staldra við í verkefnum og ákváðum því að taka upp val tíma þar sem börnin fengu að velja sér verkefni og halda sig við það í stutta stund. Við byrjuðum rólega en sáum strax að þetta fyrirkomulag hentaði börnunum vel og því gátum við fljótt aukið við tímann og miðum við 20 mínútur með eldri börnunum fyrir hádegi en 15 mínútur með þeim yngri eftir hádegi. Strax finnst okkur þetta skila sér í rólegra andrúmslofti innan deildarinnar en einnig virðist sem börnin nái að yfirfæra þetta yfir í frjálsa leikinn og staldra lengur við hvert verkefni sem er að sjálfsögðu það sem var lagt upp með. Nú á vormánuðum lögðum við valið til hliðar þar sem við vildum leyfa frjálsa leiknum að njóta sín.



### *Heilbrigði og hreyfing*

Markmiðið var að börnin þvæðu sér vel um hendurnar við komu í leikskólann, eftir útiveru og eftir salernisferðir. Einnig lögðum við áherslu á að börnin væru virk í útiveru. Þær leiðir sem við nýttum til að ná þessum markmiðum fram var að hvetja börnin til handþvottar við ofangreind tilefni og kenna þeim réttu handtökin. Einnig var áætlað að leggja mikla áherslu að daglega útiveru og einstöku gönguferðir.

Okkur gekk vel að framfylgja þessum markmiðum en handþvottur er kominn upp í vana hjá þeim flestum þó alltaf sé þörf á að minna á. Hvað varðar útiveru leggjum við áherslu á að kennarar séu til staðar og virkir í leik og hvetji þannig börnin til virkni.

### *Hópastarf*

Markmiðið með þessum þætti var að börnin lærðu að tilheyra sínum hóp, fyndu á hann nafn og væru í hópastarfstímum að vinna að öðruvísi verkefnum en í öðrum stundum. Ágætlega hefur gengið en töluvert var um að börnin væru að mæta seint í leikskólann og komu því stundum inn í miðjan hópatíma sem óhjákvæmilega truflaði starfið.

Auk þess fannst okkur þessu skipulögðu tímar setja verkefnunum töluverðar hömlur og óþarfa uppbrot á því rólega andrúmslofti sem við vorum að reyna að skapa á morgnanna með frjálsum leik. Við ákváðum því að fella hópastarfstímana niður og leyfa börnunum þess í stað að flæða í frjálsum leik en bjóða upp á allskonar spennandi og skemmtileg verkefni jafnt og þétt yfir daginn og hætta að einblína á tímamörk.

### *Læsi*

Markmiðið var að börnin lærðu fyrsta hljóðið í nafninu sínu og var *Lubbi finnur málbein* nýttur til þess. Innlögn var fyrirhuguð á haustönn en kom þó ekki framkvæmdar fyrr en nú í upphafi vorannar. Hljóðin og táknið voru þó sýnileg inni á deild strax í haust og mynd af hverju barnið við sitt hljóð/tákn. Vel gengur að leggja efnið fyrir börnin, þau eru áhugasöm og móttækileg og þekkja flest fyrsta hljóðið í sínu nafni og jafnvel nöfnum hinna barnanna líka.

**Þemaverkefni** voru í gangi í allan vetur en þau voru fyrir fram ákveðin bæði með tilliti til aldurs og getu barnanna en einnig tímasetningar t.d. var þemaverkefni desembermánaðar jólaundirbúningur. Okkur gekk ágætlega að vinna að þessum þemaverkefnum, sum voru meira áberandi en önnur, t.d. missti dýrþema nóvembermánaðar alveg marks á meðan



mikið var unnið með vináttu og samkennd í janúar og febrúar. Í maí fá börnin að velja þema sjálf og það verður áhugavert að sjá hvort það skili sér í auknum áhuga og þátttöku og setji þannig tóninn fyrir deildarnámskrá næsta skólaárs þar sem áætlað er að börnin velji þemun og verkefni í stórum dráttum sjálf.

Sá þáttur deildarnámskrár sem sat hvað mest á hakanum voru **ferilmöppur** barnanna en illa gekk að festa vinnu við hana í sessi meðal kennara deildarinnar. Eitthvað var þó unnið en þarna er vissulega tækifæri til umbóta ellegar leggja ferilmöppurnar af.

Mikil vinna var lögð í **fréttabréf til foreldra** enda takmörkuð samskipti á tímum heimsfaraldurs og áhersla lögð á myndræna skráningu. Mæltist þetta vel fyrir og augljóst að foreldrar eru ánægðir með þetta fyrirkomulag og stefnt er að því að halda þessari skráningu áfram.

#### Lerkilundur 4 ára börn, Eyrún Einarsdóttir



Aðaláhersla vetrarins var að fylgja áhuga barnanna sem komu með hugmyndirnar og leiðirnar til að læra og að hjálpa þeim að leika saman í sátt og samlyndi. Börnin settu sjálf upp deildarreglur á fundi og einnig gerðu þau sjálf reglurnar sem fylgja átti inni í Bóli. Börnunum var skipt í fjóra hópa sem þau völdu nöfn á. Hóparnir voru nefndir; Fuglahópur, Drekahópur, Fílahópur og Regnbogahópur. Oft reyndist þó erfitt að hafa fjóra hópa vegna starfsmannafjölda. Á deildinni voru þrír fastir starfsmenn auk stuðnings, þar sem stuðningur getur verið færður til, ef til dæmis börnin með stuðning mæta ekki, er ráðleggra að hafa fjölda hópa miðað við fastan starfsmannafjölda á deild. Þar sem stuðningurinn var stundum ekki datt hópastarf niður þar sem vantaði fjórða starfsmann því var á endanum fækkað í þrjá

hópa og var Regnbogahópnum skipt upp þannig að hópastarf yrði stöðugra. Nokkur börn hafa hætt í leikskólanum í vetur og var því farið að fækka í Regnbogahópnum. Börnunum sem eftir voru í hópnum var sagt frá því að hópurinn yrði leystur upp og þau færð. Þau brugðust vel við því og fengu aðeins að ráða í hvaða hóp þau færu.

Á haustönnin var lögð áhersla á fínhyringar, að læra að perla eftir einföldum myndum, púsla, leira, klippa og líma. Áhugi barnanna beindist að dýrum og þau skoðuðu og rannsökuðu hegðun og atferli dýra sem vöktu áhuga, ásamt því að auka færni sína í hinum ýmsu borðspilum. Einnig var áhersla á að læra að taka eftir á morgunfundi, rétta upp hönd og sýna þeim sem væru að tala þá virðingu að hlusta. Mikil og góð vinna við andlistssjálfsmyndir barnanna gaf tækifæri til maður á mann gæðatíma barns og kennara. Vinnan fór þannig fram að barn sat eitt með kennara.



Settur spegill á borðið og skoðaði barnið sig í speglinum. Farið var í gegnum hvað við erum með eins og hár, enni, augu, nef, munn, tennur, kinnar, háls osfrv. Þegar búið var að fara í gegnum þetta og börnin tilbúin fengu þau tússpenna svartan til að gera útlínur sínar. Síðan gátu þau valið hvort þau vildu lita inni myndina eða ekki.

Mikil vinna fór síðan í gerð jólagjafa til foreldra en í ár voru það þæfðar ullarmyndir sem settar voru í ramma. Ullin var þæfð með höndunum og notuð var sápa og plast. Börnin röðuðu svo myndinni saman eftir að hafa valið hvaða lit þau vildu hafa í henni. Ullin var síðan þurrkuð og sett í ramma.

Mikið var lesið fyrir börnin, í samverustundum þegar að skipt var í hópa var lesin saga og einnig var sófinn inn á deild mikið nýttur. Börnin fengu oftast að velja sjálf hvaða saga yrði lesin. Sýna og sjá var á sínum stað og leiklistartímar hjá leiklistarkennara. Einnig var farið í ýmsa leiki eins og til dæmis í grænni lautu og hver er undir teppinu. Umsjónarmenn voru líka og samkvæmt ósk frá börnunum þá sáu þeir ekki einungis um að leggja á borð heldur aðstoðuðu þeir einnig á morgunfundum. Umsjónarmenn fóru þó í hlé vegna Covid takmarkanna.

Námið fór yfirleitt fram í deildarvinnu fyrir hádegi en einnig í samverustundum, útiveru, flæði og frjálsum leik. Til dæmis skoðuðum við skordýr í útiveru og ræddum um sjávardýr í





samveru og á morgunfundum. Skordýr sem við fundum voru sett í box með stækkunargleri. Síðan var dýrið skoðað og velt fyrir sér hvað það væri með margar fætur (átta, sex eða fjórar), hvort það væri með vængi og litur og margt fleira. Við tókum svo umræðu um að ekki ætti að hafa dýrin í búri heldur ættu þau að fá að vera frjáls í náttúrunni.

Morgunfundir og samverustundir voru oft notaðir til að kynna næstu verkefni og fá fræðslu um eitthvað sem var í gangi eins og til dæmis jólin, þorrann og páskana.

Morgunfundir voru mikið notaðir til að kynna og ræða ýmsa hluti td breytingar á dagskipulagi og eru börnin á Lerkilundi orðin mjög dugleg að sitja, hlusta á aðra, taka þátt í spjalli og njóta þess sem fram fer. Ákveðið var að allir fengju ákveðið sæti á morgunfundum og sett var upp myndrænt „sætaskipulag“ sem hengt var upp. Sætaskipulagið getur síðan verið breytilegt. Börnin eru mjög sáttt við þetta skipulag og vita að hægt er að koma með óskir. Ákveðin sätaskipan var tekin upp þar sem illa gekk hjá einhverjum að sitja saman og voru þau að trufla hvert annað. Einnig voru nokkur börn sem þurftu helst starfsmann við hlið sér og var þeim þá boðið að sitja saman þannig að starfsmaður gæti setið á milli þeirra. Tekið var fyrir á deildarfundi hvernig væri best að raða hópnum og tókst þetta með ágætum og náðist meiri ró í hópnum á morgunfundum og í samveru.

Á morgunfundum er farið í hvaða dagur er, dagsetning, mánuður og svo hvað er á dagskrá þennan dag. Einnig er farið í Lubbastaf vikunnar, lesinn texti og sungið lagið. Það er farið yfir ýmis atriði eins og til dæmis hvernig farið er með bækur og dót, eða annað sem þurfa þykir að ræða við börnin. Einnig skapast stundum gott spjall þar sem börnin eru að segja frá einhverju sérstöku. Morgunfundir eru líka notaðir til að útskýra verkefni sem eru framundan. Á morgunfundum vorum við líka að æfa okkur í að bjóða góðan daginn og þakka fyrir okkur.

Samverustundir hafa verið notaðar í sýna og sjá, halda upp á afmæli, lestur á sögu, töflusögur og ýmsa fræðslu eins og hákarla, líkamann og fleira. Einnig höfum við safnast saman til að horfa á eitthvað tengt verkefni sem við erum að vinna með í tölvunni, jóladagatalið eða Júróvisjon. Samverustundir hafa líka farið í spjall um ýmislegt eins og fræðslu um Þorrann, eldgos, brunavarnir og almenna umgengni og framkomu hvort við annað.



Ágætlega gekk að halda uppi deildarstarfi þar sem sveigjanleiki var í skipulagi. Skipulag hefði þó mátt vera í fastari skorðum það er að setja ákveðna starfsmenn í ákveðin dagleg verk. Reynt var að hafa skipulagið ekki niðurnjörvað til að nýta mannauðin og styrkleika starfsmanna, en eftir á að hyggja hefði verið betra að setja niður ákveðin verk. Næsta skólaár verða því sett niður fast skipulag á verkum, verður það tekið fyrir á fyrsta deildarfundi til að starfsmenn deildarinnar geti allir komið að verkefninu og það ríki sátt um það.

Einnig hefði hópastarfið mátt vera markvissara. Val barna um þema næsta vetur í mánuð í senn er leið sem hugnast okkur best og býður uppá fjölbreytt og skemmtilegt nám. Það hefur líka vantað upp á sönginn á Lerkilundi og hefðum við mátt vera duglegri að syngja lög og fara í fleiri hópleiki. Næsta skólaár verða sönglögin tekin betur fyrir og ákveðið fyrir hvern mánuð hvaða lög verða æfð þann mánuðinn. Verkefnastjóri leiklistar hefur nú þegar lagt til hugmyndir að leikjum sem hangir upp, aðgengilegt öllum.

Eftir áramót tókum við fyrir og lögðum áherslu á hákarla og önnur sjávardýr. Börnin fengu að handfjatla alvöru hákarlakjafi (beinagrind) og hvaltönn. Einnig „googluðum“ við hákarla og önnur sjávardýr og skoðuðum mun á hákörlum og hvölum (fiskar vs spendýr) í framhaldi.

Við byrjuðum á verkefninu „Ég sjálfur“ og voru börnin strikuð í fullri stærð á pappír. Andlit þeirra var prentað út, þau klipptu það út og strikuðu svo með svörum tússi í útlínurnar sínar. Aftur fengu börnin þarna einstaklingstíma með kennara. Börnin fá svo að velja hvort þau vilja mála á sig föt, gera beinagrindina sína eða líffæri.

Börnin hafa einnig verið að taka sjálf myndir og ætlum við að vinna ljósmyndaverkefni þar sem börnin fá að taka fimm myndir, þau velja svo eina. Sú mynd er prentuð út, þau klippa hana út, líma á lítað A4 blað og skrifað er undir heiti myndar. Þetta er síðan plastað og hengt upp sem ljósmyndasýning.



## Furulundur 5 ára börn, Klara Sjöfn Kristjánsdóttir



### Aðaláhersla vetrarins

Samkvæmt deildarnámskrá deildarinnar voru eftirfarandi atriði þau sem leggja átti áherslu á í vetur:

1. Læra um stafina
2. Læra að skrifa
3. Læra um húsdýrin
4. Læra að baka
5. Læra að vera góður vinur
6. Læra um íþróttir
7. Læra ballett og vera ninja

### Hvað er búið að gera?

Á haustönninni var unnið með alla þættina nema við náðum ekki að læra að baka.

### Hvernig var framkvæmdin?

Við settumst niður með börnunum í byrjun annar og skráðum niður það sem þeim langaði að læra eða gera í leikskólanum. Rætt var við börnin bæði í samverum og í einstaklingsamtölum og allar hugmyndir skráðar niður og settar í deildarnámskrána.

1. Stafirnir – Við unnum markvisst með Lubba og tókum fyrir 1-2 stafi á viku. Stafirnir voru hengdir upp í hæð barnanna og Lubba plakati var hengt upp. Við gerðum verkefni tengt hverjum stafi og börnin fengu möppu til að setja verkefni sín í og geyma sjálf. Lubba kassarnir voru mikið teknir inná deild og skoðaðir.
2. Skrifa – Allir fengu nafnið sitt útprentað og plastað þannig þau gætu æft sig að skrifa það. Lubbabókin var notuð auk stafanna sem voru sýnilegir inná deild þegar börnin



spurðu hvernig á að skrifa ákveðið orð. Kennararnir voru duglegir að segja hvað stafirnir segja og skrifa stafina niður fyrir börnin svo hægt væri að herma eftir stöfunum.

3. Húsdýrin – Förum á bókasafnið 2x og fengum fullt af bókum tengdum húsdýrum, skoðuðum mikið á netinu til að fá fræðslu um hvað dýrin hétu, afkvæmi dýranna og heimahaga þeirra. Við förum í Húsdýragarðinn og fengum fræðslu um öll húsdýrin sem eru þar og unnum verkefni tengt því. Húsdýrin voru mikið rædd í samverustundum og lesnar voru bækur um þau.
4. Baka – náðum ekki að vinna með þennan þátt og ákveðið var að setja hann inn um vorönnina.
5. Vera góður vinur – Við settumst niður með börnunum á morgunfundi og töluðum mikið um hvað einkennir góðan vin. Búnar voru til vinareglur Furulundar og þær settar á blað og hengdar upp. Við lásum vinabækur og töluðum mikið um vináttuna í samverustundum. Búið var til stórt vináttutré þar sem öll börnin tóku þátt. Við máluðum það og allir fengu að mála hendurnar sínar, stimpla á blað, klippa þær út og hengja upp sem laufblöð á tréð okkar.
6. Íþróttir – Börnunum var skipt í þrennt í íþróttahópa. Börnin fóru 1x í viku á íþróttasvæðið og gerðar voru æfingar þar með kennara. Hver tími var frá 40-60 mín og þóssuðum við mikið að slökun væri í lok hvers tíma. Við nýttum einnig útiveruna í mikla útileiki og hlaup.
7. Ballett og vera ninja – Börnin fengu að sjá í tölvunni fræðslu um ballett og þeir sem vildu fengu að æfa sig og læra ballett sporin. Ninjur voru einnig skoðaðar á netinu, prentað voru út ninjur til að teikna og ninjutaktarnir voru teknir með í íþróttatímana þar sem búin var til ninjubraut. Leiklistin tók þátt í þessu verkefni með okkur og var með ninjuviku í leiklistinni.

### **Hvernig gekk? Hvað hefði mátt betur fara og hvað var gott?**

Heilt á litið gekk önnin vel. Við náðum að klára mikið magn af þeim verkefnum sem börnin vildu gera.

Það sem hafði verið skammtilegt var að börnin sem vildu læra ballett hafðu fengið ballettkennslu frá ballettkennara og kveikt þannig meiri áhuga hjá þeim. Íþróttatímarnir féllu mikið niður hjá okkur sökum covid um önnina þannig við náðum ekki eins mikið að komast á bláu mottuna eins og við hefðum viljað.

### **Hvað á eftir að gera?**

Það sem við eigum eftir að gera er að læra að baka en það var eitt af því sem börnin vildu læra að gera. Því var ákveðið að gera það á vormisseri



## Hver er áætlunin fyrir vormisseri?

Nú á vormisseri ætluðum við að fjalla um mannlíkamann og fara ítarlega í hann. Við ætlum að læra að baka og kenna börnunum að gera það frá grunni. Ef einhverjar stærri hugmyndir vakna hjá börnunum þá munum við grípa það og vinna út frá því.

Við ætlum ennþá að læra að skrifa stafi og upp kom hjá nokkrum að þau vildu læra að lesa þannig aldrei að vita nema við tökum það fyrir.

## 4 Innra mat sérkennslu

### Innra mat sérkennslu Anna Björg Guðmundsdóttir

Sérkennsla í Laufskálum undir stjórn sérkennslustjóra hefur verið í föstum skorðum í nokkur ár en vegna veikinda sérkennslustjóra varð róðurinn þyngri um tíma. Nýr sérkennslustjóri kom til starfa í september og þurfti að byrja á að klára mál sem höfðu verið á bið oph.

Við leggjum mikla áherslu á snemmtæka íhlutun og hefur veturinn mikið farið í að kortleggja börnin, við notumst við matslistana Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðalistinn, Tras, Efi-2, Hljóm2, Aeps, AHA skráning og Gefðu 10. Í góðri samvinnu við foreldra leitum við ráðgjafar í Miðgarði þar sem starfa sérfæðingar í sérkennslu og greiningu, þegar við teljum þörf á.

Á haustmánuðum voru 4 börn sem nutu sérkennslu, 1 barn í fyrsta flokk og 3 börn í 2 flokk og í vetur hefur 1 barn til viðbótar bæst við í 2 flokk. Þrjú sérkennarar hafa sinnt stuðning við þessi börn og það barn sem fékk úthlutað fjármagni á vormánuðum hefur fengið stuðning inni á deild (yfirmönnun) og stendur til að sérkennari taki við keflinu strax að loknu sumarfríi.

Sérkennslustjóri, sérkennari og deildarstjóri bera ábyrgð á að barnið fái þann stuðning sem það þarf.

Markmið sérkennslunnar er að koma til móts við þarfir barnanna þannig að þau fái notið sín sem best og geti tekið þátt í daglegu starfi innan barnahópsins og einstaklingslega þegar þörf er á. Einstaklingsþjálfun er byggð upp með atferlisíhlutun í huga og hafa sérkennarar útbúið skráningablöð til útfyllingar til að meta stöðu og framfarir í þeim þáttum sem unnið er með.



Börnin sem njóta stuðnings eru öll metin með AEPS færnimiðuðu matskerfi. Listana fylltu út sérkennarar með aðstoð sérkennslustjóra, einstaklingsmarkmið eru unnin út frá listunum og eins frá ráðleggingum fagaðila sem koma að barninu sem eru m.a sérkennsluráðgjafi, sálfræðingar, talmeinafræðingar, sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari.

Veturinn gekk ágætlega en mál unnust hægar þar sem covid takmarkanir og allt sem því fylgir gerðu okkur erfiðara fyrir að hittast og funda með foreldrum og ráðgjöfum.

Teymisfundir hafa því ekki verið reglulega á 6-8 vikna fresti eins og vaninn er en við höfum átt í mjög góðum samskiptum við foreldra og höfum reynt eftir fremsta megni að hafa gott upplýsingaflæði í formi símaviðtala/fjarfundir og tölvupósta eins höfum við fundað í leikskólanum með tilliti til sóttvarna.

Mikið er til af námsgögnum til sérkennslu í Laufskálum og stöðugt verið að afla nýrra gagna.

Nú þegar nýr sérkennslustjóri hefur náð í skottið á sér og sér fram á „eðlilegt“ skólaár eru þættir í bæði snemmtækri íhlutun og skipulagi sérkennslu sem þarfnast umbóta.

- Útbúa verkferla fyrir sérkennslu/þegar grunur vaknar um frávik. Ábyrgð sérkennslustjóri og leikskólastjóri, haustönn 2021
- Sérkennslustjóri og sérkennarar fundi á 2 vikna fresti. Ábyrgð sérkennslustjóri, sept 2021
- Sérkennslustjóri sitji einu sinni á önn deildarfundi. Ábyrgð sérkennslustjóri og deildarstjórar, haustönn 2021.

Vorönn fer í að festa þessa þætti í starfinu og meta að vori.

## **5 Innra mat – fjöltyngd börn**

**Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021**

**Innra mat – fjöltyngd börn Anna Björg Guðmundóttir**

Fjármagn vegna starfs með börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku er misjafn ár frá ári og ráðstöfun því háð því. Það er hins vegar alltaf viðhöfð skipulögð, metnaðarfull og einstaklingsmiðuð vinnubrögð þegar kemur að uppeldi og kennslu barnanna.

Við upphaf leikskólavistar eru allir foreldrar boðaðir í einkaviðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra barnsins. Þegar þess gerist þörf er túlkur viðstaddur. Enginn tímamörk eru á þessu viðtali og séð til þess að foreldrar fari ekki fyrr en öllum spurningum hefur verið svarað



og grunnur að trausti og öryggi myndaður. Á þessum tíma er farið yfir hvað leiðir er gott að fara við upplýsingagjöf og samskipti þannig að allir aðilar séu sáttir.

Starfið er fléttað inn í allt annað starf í leikskólanum og gjarnan leitað leiða til að fleiri börn geti nýtt sér ef um sérstaka þjálfun er að ræða allt til að styrkja félagstengsl og efla liðsheild. Námsáætlanir barna með annað móðurmál en íslensku miðast við bakgrun þeirra og eru allt frá að byrja á myndum og bendingum, nota app til þýðingar á orðum og setningum t.d. varðandi dagskipulagið uppí að vinna markvist með ákveðna þætti í þroska þeirra. Það eru forréttindi að fá að fylgjast með barni mynda félagatengsl og skapa vináttu og þegar þetta gerist án þess að börnin tali sama tungumál erum við leikskólakennarar sannfærðir um að leikurinn er besta leiðin í uppeldi og kennslu.

Virðing er hugtak sem mikið er unnið með í Laufskálum og ólíkir menningarheimar njóta mikillar virðingar. Við viðurkennum þegar við vitum ekki nóg eða jafnvel ekkert um menningu nýrra barna og sækjumst eftir að fræðast. Kúnt getur verið að flétta saman heimamenningu allra barnanna en heiðarleiki er bestur og með fróðleik og virðingu verður þetta skemmtilegt leikskólastarf. Heimamenning allra barnanna er reglulega kynnt og þegar haldin er sérstakur dagur með kynningum finnst öllum upphefð í að fá að kynna sína heimamenningu. Kynningar á rigningardönsum, harðfiskáti, framandi mat og þjóðbúningum gefa deginum hátíðarblæ.

Þegar barn með annað móðurmál en íslensku kemur í leikskólann er alltaf kynnt fyrir starfsfólki hvað tungumál er móðurmál barnsins og að það sé mikilvægt að barnið fái að nota móðurmál sitt og að virðing sé borin fyrir þörf barnsins að tjá sig á sínu móðurmáli. Mikil áhersla er lögð á að sinna fróðleiksfýsni barnsins og tækifæri til málörvunar vel nýtt. Reynslu minna starfsfólks sem gjarnan vill leggja sitt af mörkum er leiðbeint og gjarnan má sjá þau grípa bækur og njóta samvista við börnin með lestri og spjalli um bókina. Mikil verðmæti liggja í bókum og lagt uppúr því að eiga alltaf gott úrval bóka. Bókin er frábært tæki til málörvunar, samskipta og samvista.

Fjármagn sem leikskólinn fær úthlutað fyrir fjölgun barna hefur að mestu farið í launakostnað í leikskólanum. Í Laufskálum í vetur voru 18 börn með fleira en eitt tungumál, í flestum tilfellum tvö tungumál en í sumum þrjú.

Deildarstjóri í samvinnu við sérkennslustjóra kortleggur hvaða börn á deildinni þurfa sérstaka málörvun og skiptir börnum niður í hópa í samræmi við það. Í vetrarstarfinu leggjum við mikla



áherslu á að starfsfólk grípi öll tækifæri sem gefast til samskipta við börnin og setji orð yfir allar athafnir í daglegu starfi. Gefðu 10, söngur, spil og lestur.

Í vetur fórum við í að útbúa málörvunarspil tengd heilbrigði og heilsu. Áhersla var á að spilin eflðu orðaforða og að hugmyndir um hollt fæði væri áberandi. Þetta verkefni var hugsað til að efla samtal um mat og matarvenjur en gaf svo starfsfólkinu aukin áhuga á málefninu sem var frábært 😊

Sérkennslustjóri fer inn í mál þeirra barna sem þurfa meira inngrip, Gefðu 10, Orðalisti, Efi-2, Hljóm2 og í vetur hefur Einn leikskóli mörg tungumál, litillega verið kynntur fyrir sérkennurum og hefur sérkennslustjóri haft til hliðsjónar í stöðumati.

Við sækjum ráðgjöf til talmeinafræðinga í þjónustumiðstöð í tilfellum þar sem málþroski er það slakur að við teljum þörf á inngripi og aðkomu þeirra að málum.

Starf vegna föltyngdra barna í Laufskálum þarfnast umbóta og skólaárið 2021 -2022 verður það hlutverk Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri að útbúa verkferla og innleiða þá í starfið.

## 6 Mat næsta ár.

Umbótaáætlun vegna ytra mats menntamálastofnunar er ærið verkefni og ætlun okkar að hafa þessa umbótaáætlun í hávegum, deildarmat skýrara og undir vökulum augum matsnefndar eins og áður sagði. Barnamat er svo toppurinn, á haustönn á að demantaskrá matseðill okkar og vorönnin fer í að skrá upplifun barnanna á líðan og kennslu í fataherbergi.

## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra í apríl 2021. Undirbúningsblað með helstu atriðum sem átti að ræða í samtalinu voru afhent fyrir samtal. Fólk mætti misvel undirbúið fyrir samtalið eins og gengur og gerist en öll samtölin stóðust væntingar leikskólastjóra um málefnilega umræðu. Í þessum samtölum er alltaf rætt um fræðslu sem leikskólinn býður uppá og hugur hópsins kannaður á hvert hans álit er á fræðslu fyrir næsta vetur. Meiri hluti starfsmanna óskaði eftir fræðslu í skyndihjálpi. Fyrir 2 árum tæpum var slíkt námskeið haldið í leikskólanum. Ljóst að fólk hefur mikinn





á hug á að viðhalda þekkingu sinni í skyndihjálpi og spark í rassinn á skipuleggjendum fræðslu í leikskólanum að festa þessa fræðslu annað hvert ár í dagskránni.

Fræðsla vetrarins var að ósk starfsmanna um málörvun ungra barna, Lubba námskeið var í september til upprifjunar þeim frábæra hundi sem kennir máhljóð. Lubbi hefur verið vinur okkar í Laufskálum í nokkur ár en mismikil áhersla eftir árstíðum og hvernig hann fléttast inn í starfið með öðrum verkefnum.

Áætluð námsferð til Englands í maí var frestað um ár vegna covid og erfitt að skipuleggja sambærilega fræðslu. Hins vegar var sá tími sem áætlaður var í ferðina vel nýttur til mats á starfinu okkar og gott hópefli úti á landi gaf góða innspýtingu í starfsandann.

Einstaka starfsmenn tóku þátt í hinum ýmsu námskeiðum til dæmis TRAS, EFI 2 og lærdómssamfélag sérkennslustjóra að ógleymdu Menntastefnumóti Skóla og frístundasviðs, sem reyndar verður áfram nýtt sem fræðsla í haust vegna fjölda tilboða og takmarkaðs tíma.

Næsta skólaár verður gerð önnur tilraun á námsferð erlendis í maí, skyndihjálparnámskeið á haustönn og jafningafræðsla varðandi mat á námi barna og mat á leikskólastarfi, fyrirlestur um allar tegundir samskipta sem fyrirfinnast í leikskólastarfi. Svo er auðvitað leikskólaráðstefna í tilefni degi leikskólans 7. feb.

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Þessi þáttur í starfinu var mjög litaður sóttvörnum og fjöldatakmörkunum en enginn afsláttur veittur í að undirbúa elstu börnin að skipta um skólastig. Heimsóknir fá grunnskólanum til leikskólans voru engar en heimsóknir í grunnskólann urðu þegar voraði og allir undu kátir við.

## 9 Foreldrasamvinna

Í öllu okkar starfi er foreldrasamvinna mikilvæg og það var okkur ljóst í vetur að í raun er skóli óstarfhæfur ef ekki tekst að byggja upp traust milli aðila. Fjarlægð er erfið og samtöl í rauntíma og nálægð er best en næst best er að upplýsa aðila vel með góðum tölvupóstum, bjóða uppá símaviðtöl eða snjallviðtöl og nýta vel þessar sekúndur sem við hittum foreldra í dyrum leikskólans bæði að morgni og seinnipartinn. Foreldraviðtöl í október 2020 og apríl 2021 fóru fram að mestu með þessu móti og deildarstjórar leikskólans eiga hrós skilið fyrir sitt framlag við að ná vel til allra og bjóða hverjum og einum uppá tíma sem hentaði. Námskyningum að hausti var stöðugt frestað og að lokum aflýst vega samkomutakmarkanna. Í Laufskálum er mikil áhersla á að við upphaf leikskólagöngu barnsins sé góð kynning á leikskólanum og starfinu þar og að foreldrar þekki nokkuð



vel deildarstjóra barnsins áður en aðlögun hefst. Frá þessu var ekki vikið og allir foreldrar komu í langt viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra barnsins. Grímur og fjarlægðarmörk virt en annars var þetta svipað og verið hefur í leikskólanum fyrir covid. Þessi þáttur í starfinu fékk sérstaka athygli og hrós í Ytra mati Menntamálastofnunar, við erum stolt af því og teljum þetta grunn að öllu foreldrasamstarfi alla leikskólagöngu barnsins.



# 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

## Leikskóladagatal 2021 - 2022

Samband íslenskra sveitarfélaga

Laufskálar

|       | ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS  | APRÍL | MAÍ   | JÚNÍ  | JÚLÍ  |
|-------|-------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|-------|-------|-------|-------|-------|
| 1. S  | 1. M  | 1. F      | 1. F    | 1. M     | 1. M     | 1. L   | 1. Þ    | 1. Þ  | 1. F  | 1. S  | 1. M  | 1. F  |
| 2. M  | 2. F  | 2. L      | 2. L    | 2. Þ     | 2. F     | 2. S   | 2. M    | 2. M  | 2. L  | 2. M  | 2. F  | 2. L  |
| 3. Þ  | 3. F  | 3. S      | 3. S    | 3. M     | 3. F     | 3. M   | 3. F    | 3. F  | 3. S  | 3. Þ  | 3. F  | 3. S  |
| 4. M  | 4. L  | 4. M      | 4. M    | 4. Þ     | 4. L     | 4. Þ   | 4. F    | 4. F  | 4. M  | 4. M  | 4. L  | 4. M  |
| 5. F  | 5. S  | 5. Þ      | 5. Þ    | 5. F     | 5. S     | 5. M   | 5. L    | 5. L  | 5. Þ  | 5. F  | 5. S  | 5. Þ  |
| 6. F  | 6. M  | 6. M      | 6. L    | 6. M     | 6. F     | 6. M   | 6. S    | 6. S  | 6. M  | 6. F  | 6. M  | 6. M  |
| 7. L  | 7. Þ  | 7. F      | 7. F    | 7. S     | 7. Þ     | 7. F   | 7. M    | 7. M  | 7. F  | 7. L  | 7. Þ  | 7. F  |
| 8. S  | 8. M  | 8. M      | 8. F    | 8. M     | 8. M     | 8. L   | 8. Þ    | 8. Þ  | 8. F  | 8. S  | 8. M  | 8. F  |
| 9. M  | 9. F  | 9. L      | 9. L    | 9. Þ     | 9. F     | 9. S   | 9. M    | 9. M  | 9. L  | 9. M  | 9. F  | 9. L  |
| 10. Þ | 10. F | 10. S     | 10. S   | 10. M    | 10. F    | 10. M  | 10. F   | 10. F | 10. S | 10. Þ | 10. F | 10. S |
| 11. M | 11. L | 11. M     | 11. M   | 11. F    | 11. L    | 11. Þ  | 11. F   | 11. F | 11. M | 11. M | 11. L | 11. M |
| 12. S | 12. S | 12. Þ     | 12. Þ   | 12. F    | 12. S    | 12. M  | 12. L   | 12. L | 12. F | 12. F | 12. S | 12. Þ |
| 13. M | 13. M | 13. M     | 13. L   | 13. F    | 13. S    | 13. F  | 13. S   | 13. S | 13. F | 13. F | 13. M | 13. M |
| 14. L | 14. Þ | 14. F     | 14. F   | 14. S    | 14. M    | 14. M  | 14. M   | 14. M | 14. F | 14. L | 14. Þ | 14. F |
| 15. M | 15. M | 15. F     | 15. F   | 15. M    | 15. M    | 15. L  | 15. Þ   | 15. Þ | 15. F | 15. S | 15. M | 15. F |
| 16. M | 16. F | 16. M     | 16. L   | 16. M    | 16. F    | 16. S  | 16. M   | 16. M | 16. L | 16. M | 16. F | 16. L |
| 17. Þ | 17. F | 17. F     | 17. S   | 17. M    | 17. F    | 17. M  | 17. F   | 17. F | 17. S | 17. Þ | 17. F | 17. S |
| 18. M | 18. L | 18. M     | 18. F   | 18. F    | 18. L    | 18. Þ  | 18. F   | 18. F | 18. M | 18. L | 18. M | 18. M |
| 19. S | 19. S | 19. Þ     | 19. Þ   | 19. F    | 19. S    | 19. M  | 19. L   | 19. L | 19. Þ | 19. F | 19. S | 19. Þ |
| 20. M | 20. M | 20. M     | 20. L   | 20. M    | 20. F    | 20. F  | 20. S   | 20. S | 20. M | 20. F | 20. M | 20. M |
| 21. L | 21. Þ | 21. F     | 21. S   | 21. S    | 21. L    | 21. F  | 21. M   | 21. M | 21. F | 21. L | 21. Þ | 21. F |
| 22. M | 22. M | 22. M     | 22. M   | 22. M    | 22. M    | 22. L  | 22. Þ   | 22. Þ | 22. F | 22. S | 22. M | 22. F |
| 23. F | 23. F | 23. L     | 23. Þ   | 23. Þ    | 23. S    | 23. M  | 23. M   | 23. M | 23. L | 23. M | 23. F | 23. L |
| 24. F | 24. F | 24. S     | 24. M   | 24. M    | 24. F    | 24. M  | 24. F   | 24. F | 24. S | 24. Þ | 24. F | 24. S |
| 25. M | 25. L | 25. M     | 25. F   | 25. F    | 25. L    | 25. Þ  | 25. F   | 25. F | 25. M | 25. M | 25. L | 25. M |
| 26. F | 26. S | 26. M     | 26. F   | 26. M    | 26. S    | 26. M  | 26. L   | 26. L | 26. Þ | 26. F | 26. S | 26. Þ |
| 27. F | 27. M | 27. M     | 27. L   | 27. M    | 27. F    | 27. F  | 27. S   | 27. M | 27. M | 27. F | 27. M | 27. M |
| 28. Þ | 28. Þ | 28. F     | 28. S   | 28. S    | 28. Þ    | 28. F  | 28. M   | 28. M | 28. F | 28. L | 28. Þ | 28. F |
| 29. S | 29. M | 29. F     | 29. M   | 29. M    | 29. M    | 29. L  | 29. Þ   | 29. Þ | 29. F | 29. S | 29. M | 29. F |
| 30. F | 30. F | 30. L     | 30. Þ   | 30. F    | 30. F    | 30. S  | 30. M   | 30. M | 30. L | 30. M | 30. F | 30. L |
| 31. S | 31. F | 31. S     | 31. S   | 31. M    | 31. F    | 31. M  | 31. F   | 31. F | 31. Þ | 31. Þ | 31. S | 31. S |

F. h. leikskólans Laufskála

Hildur L. Jónsdóttir

30.06.2021

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



## 11 Fylgigögn

### 11.1 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa: Ingunn Margrét Óskarsdóttir, Andrea Rós Óskarsdóttir og Sunneva Svavarsdóttir.

Foreldraráð er ánægt að sjá hversu vel er unnið með barnalýðræði í Laufskálum og má þar nefna sem dæmi leiklistina og matseðilinn þar sem börnin fá að taka þátt í að þróun og mótun. Gagnrýn hugsun er þjálfuð og greinar úr Barnasáttmálanum hafðar að leiðarljósi þar sem börnin mega segja sína skoðun, eru spurð og hafa bein áhrif á skólastarfið.

Gegnsæi um líðan starfsmanna á Covid-tímum er til fyrirmyndar þar sem lýðheilsa er sett í fyrsta sæti hjá stjórnendum. Foreldraráð er sammála niðurstöðum starfsmanna varðandi upplýsingaflæði leikskólans á Covid-tímum sem var til algjörar fyrirmyndar. Gott og skilvirkt upplýsingaflæði byggir upp traust milli heimilis og skóla.

Það er ánægjulegt að sjá að starfsfólkið sé á leið á skyndihjálparnámskeið og vonandi kemst hópurinn til Englands fljótlega.

Tvær deildir af fjórum tala um ferilmöppu. Það væri gott ef leikskólinn tæki ákvörðun hvort ferilmappa barn sé til staðar í öllum deildum eða ekki og að sömu áherslur séu lagðar í starfið við hana. Foreldraráð mælir með ferilmöppu, því hún er gefandi fyrir börnin og veitir betri yfirsýn fyrir börnin, foreldra þeirra og kennara á starfið og þá þætti sem skipta máli í uppvexti barnanna. Ferilmappa er heimild fyrir barnið þar sem það getur skoðað upplýsingar um sig sjálft og ýtir undir sjálfstraust þeirra.

Við í foreldraráði tókum undir orð leikskólastjóra varðandi þá gríðarlegu áskorun að mæta styttingu vinnuvikunnar án þess að skera niður þjónustu við leikskólabörnin. Áskorun sem leikskólar áttu að mæta án aukins kostnaðar. Við viljum koma því á framfæri að starfsfólk leikskólans Laufskála hefur tekið eins og vel og mögulegt er þessum breyttum aðstæðum í starfi en þrátt fyrir það höfum við áhyggjur.

Ákvarðanir um starfsmannafjölda og reglugerðir varðandi starfsmann á ákveðinn fjölda barna er tekin til að tryggja öryggi barna í leikskólum og faglegt starf. Við gefum okkur að það sé flókið fyrirkomulag og jafnvel tímafrekt að skipuleggja styttingu fyrir starfsfólkið. Þegar hver og einn starfsmaður fer í sína styttingu er leikskólinn orðinn undirmannaður sem bitnar beint á starfinu og brýtur á þeim viðmiðum sem fyrir eru hjá borgarráði varðandi fjölda starfsmanna miðað við barnafjölda. Þetta þarf að laga.



## 11.2 Fylgiskjal. Umbótaáætlun vegna Ytra mats.

| Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu  | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta   | Hvenær hefst | Hvenær lokið        | Ábyrgðaraðili/ar                                      | Endurmat, hvenær/hvernig                      |
|--|---|--------------|---------------------|---|---|
| <b><u>Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans<sup>1</sup></u></b>  |   |              |                     |   |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Ákvæði laga um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, ummönnun og uppeldi barna. Leikskólinn uppfyllir ekki þessi ákvæði.</li> </ul> | <p>Verkefni Reykjavíkurborgar um sumarliða hefur vakið áhuga ungmenna á námi í leikskólakennarafræðum, við tókum þátt í þessu verkefni.</p> <p>Hingað hafa komið nesar í bæði b.ed og msc námi í leikskólafræðum og ráðið sig af námi loknu við skólann. Við viljum halda þessu verkefni áfram.</p> <p>Kynningarefni um leikskólann gerir starfið okkar sýnilegra og aðlaðandi.</p> | Er hafið     | Þegar ákvæði er náð | Leikskólastjóri.                                      | Er stöðugt í endurmati og nýrra leiða leitað. |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Útileiksvæði, ekki nógu vel nýtt.</li> </ul>  | Undanfarin 2 ár hafa lítil svæði í garðinum verið endurbætt og gerð betri til náms og leikja. Skipting á garðinum í 2 svæði var til bóta hvað varðar yfirsýn.   | Máí 2021     | Júlí 2021           | Leikskólastjóri.<br>Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar. | Vor 2022                                      |

<sup>1</sup> Bætið við línun eftir þörfum.



|   |   |          |          |                           |          |
|---|---|----------|----------|---------------------------|----------|
|   | Bakhluti þarfnast viðhalds og er illa nýttur nema yfir hásumarið. Vonast er eftir endurbótum á svæðinu sumarið 2021. Hins vegar mætti skipuleggja útistarfið betur og þar með nýta bakalóðina betur og áætlað að nota vor og sumarmánuði í það. |          |          |                           |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Einkunnarorð leikskólans ekki nógu sýnileg og starfsmenn meðvitaðir</li> </ul> | Einkunnarorðin eru prentuð á filmur í gluggum leikskólans en sennilega allir hættir að taka eftir þeim. Umræður á starfsmannafundum, stjórnendafundum og deildarfundum um meiningu og tilgang orðanna er komin á dagskrá                        | Nóv 2020 | Maí 2021 | Stjórnendateymi Laufskála | Vor 2021 |



| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu   | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta   | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar                                | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|--------------|--------------|---|--------------------------|
| <b>Svið II – Stjórnun</b>   |   |              |              |   |                          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Menntastefna Reykjavíkurborgar þarfnast kynningar og tengja hana við starfið í leikskólanum</li> </ul>           | <p>Starfsmannafundur í október. Umræða um Menntastefnuna leiddi í ljós að meirihluti starfsfólks vissi vel af henni og gat tengt við starfið í leikskólanum en áttaði sig ekki á að Draumar geta ræst væri hin eiginlega menntastefna borgarinnar. Því var þá komið til skila. Umræður um hvernig starfið í leikskólanum er byggt á lögum um leikskóla, námskrá og menntastefnu er nú umtalsefni á öllum starfsmannafundum. Móttaka nýrra starfsmanna er í endurskoðun og fræðsla um þennan þátt komið inni það verkefni.</p> | Okt 2020     | Des 2022     | Stjórnendateymi Laufskála                       | Maí 2023                 |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Skólanámskrá Laufskála. Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er ekki gerð skil og ekki tengd við starfið.</li> </ul> | <p>Þessi þáttur hefur verið á dagskrá í 1 ár (fyrst í janúar 2020) en verið forgangsraðar aftarlega vegna verkefna</p>  | Mars 2021    | Maí 2022     | Leikskólastjóri, Guðrún aðstoðarleikskólastjóri | Maí 2022                 |





|  |  |          |            |   |          |
|--|--|----------|------------|---|----------|
|  | <p>ársins. Tveir starfsmenn hafa verið valdir til að verða fremstir í flokki jafninga með kynningu á Barnasáttmálanum og tengingu hans við starfið í Laufskálum. Þessir starfsmenn haf sótt námskeið og sett sig vel inn í málin. Umbótaáætlun gerir ráð fyrir að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.</p> |          |            | og Sigríður Jóna verkefnastjóri.              |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoðun Skólanámskrár</li> </ul>  | <p>Skólanámskrá er lifandi plagg en hefur ekki fengið að þróast undanfarið í Laufskálum. Nokkur atriði innan námskrárinnar þarfnast umbóta. Raddir starfsmanna fá að heyrast þegar allir sem starfa við skólann taka þátt í námsmati að vori. Þættir úr námskránni eru á dagskrá í mati vorsins.</p>           | Jan 2021 | Maí 2021   | Leikskólastjóri,<br>Matsnefnd Laufskála       | Vor 2023 |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ekki til skráð.</li> </ul> | <p>10 ára farsælt samstarf hefur gefið okkur stjórnendum tækifæri til að fylgja fljótandi verkaskiptingu sem aðallega tekur mið af styrkleikum og svo minni styrkleikum. Skráning á einhverjum</p>   | Okt 2020 | Ágúst 2021 | Leikskólastjóri og<br>aðstoðarleikskólastjóri | Vor 2023 |



|  |  |          |          |                              |                                |
|--|--|----------|----------|------------------------------|--------------------------------|
|  | daglegum verkum og hvernig við skiptum hefur verið skráð og verður kynnt í upphafi næsta skólaárs. Þangað til getum við líklega bætt á listann árstíðabundnum verkefnum.   |          |          |                              |                                |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendafundir of langir</li> </ul>                             | Stjórnendafundir eru frá því haustið 2020 hluti af undirbúningstíma deildarstjóra. Einfaldast að segja að annarra umbóta en tímavarðar er ekki þörf. Aðstoðarleikskólastjóri tók að sér það hlutverk.  | Okt 2020 | Des 2020 | Stjórnendateymi<br>Laufskála | Vor 2021                       |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Finna þarf leið til að deildarfundir falli ekki niður.</li> </ul> | Vitum ekki hvað hægt er að segja um þennan þátt. Mjög nákvæmar skráningar á deildarfundum undanfarin 3 ár segja okkur að deildarfundir hafa ekki fallið niður nema ef stafs menn viðkomandi deildar eru sjálfir veikir og lítið hægt að gera til að koma í veg fyrir það. Þegar þessi umræða kom upp fyrir nokkrum árum var gripið til þess að skrá vandlega hvenær áætlað er að | Feb 2021 | Feb 2021 | Stjórnendateymi<br>Laufskála | Þessi þáttur er í árlegu mati. |



|  |   |          |          |                 |            |
|--|---|----------|----------|-----------------|------------|
|  | <p>deildarfundir vetrarins fari fram (dagsetningar), fyrirfram ákveðið efni og svo er hver fundur ritaður og starfsmenn kvitta undir og staðfesta þar með mætingu sína á fundinn. Ef fundurinn féll niður var það skráð og hvers vegna og ef tókst að halda fundinn inna viku var það líka skráð. Mótmælum því að deildarfundir í Laufskálum falli niður.</p>       |          |          |                 |            |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samningsbundnir undirbúningstímar falla niður.</li> </ul> | <p>Stjórnendateymið ekki sammála um þennan þátt. Töluverð óregla er okkar helsti óvinur þegar kemur að undirbúningstímum. Skráningar á þessum tímum í rugli og reynt að vinna með traust og sjálfstæð vinnubrögð. Hefur ekki gengið vel. Við 10 klukkustunda undirbúning deildarstjóra og styttingu vinnuvikunnar varð öllum ljóst að skipulag var nauðsynlegt.</p> | Nóv 2020 | Maí 2021 | Leikskólastjóri | Haust 2021 |



|   |  |          |          |                 |          |
|---|--|----------|----------|-----------------|----------|
|   | Mikil samvinna stjórnendateymis hefur gefið okkur nokkrar vikur í að máta skipulag sem tryggir undirbúningstíma og ef hann fellur niður og ekki næst að bæta hann innan vikunnar er hann greiddur í yfirvinnu.   |          |          |                 |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Símenntunaráætlun ætti að endurspegla stefnu og þarfir leikskólans og ná til allra starfsmanna.</li> </ul> | Teljum okkur gera það. Raddir starfsmanna ráða algjörlega símenntunaráætluninni. Hver starfsmaður er spurður um þarfir hans og áhuga varðandi símenntun í starfsmannaviðtali. Starfsmenn hafa verið hvattir til að hugsa um þennan þátt áður en komið er í viðtalið og hafa í huga að fræðslan sem óskað er eftir nýtist í starfi leikskólans. Með þessum hætti hafa starfsmenn óskað eftir fræðslu í skyndihjálp, Lubba námskeið, leiklistarkennslu og fræðslu um margtyngd börn. | Okt 2020 | Okt 2020 | Leikskólastjóri | Vor 2021 |



|  | Við höfum kosið að vinna með þann starfsmannahóp sem er við störf hverju sinni og gert áætlun til eins árs í einu.   |           |           |                              |          |
|--|--|-----------|-----------|------------------------------|----------|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Endurvekja og koma á móttökuáætlun nýrra starfsmanna</li> </ul> | <p>Nú þegar er hafin vinna við að laga þennan þátt sem er í algjörum molum í leikskólanum. Gömul áætlun er til en þarfnast endurbóta. Mikil vilji að koma þessum þætti í lag. Mestur áhugi á að bæta 1. viðtal við leikskólastjóra, stöðuviðtöl við deildarstjóra og bækling fyrir nýjan starfsmann þar sem hann getur sjálfur fylgst með hvernig móttakan á að vera samkvæmt gæðakröfum okkar. Þar á að vera merkt við og kvittað fyrir þætti innan móttökuáætlunarinnar. Gæta þarf að starfsmaðurinn fái tækifæri til að kynna sér útgefið efni leikskólans einsog starfsmannahandbók, námskrá og Agastefnu.</p> | Sept 2020 | Sept 2021 | Stjórnendateymi<br>Laufskála | Vor 2023 |



| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu  | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta   | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar             | Endurmat, hvenær/hvernig |
|--|---|--------------|--------------|------------------------------|--------------------------|
| <b>Svið III – Uppeldis og menntastarf</b>  |   |              |              |                              |                          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutverk starfsmanna í matartímum, umræða, fræðsla málörvun.</li> </ul> | <p>Frábært verkefni farið af stað til að styrkja þennan þátt. Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í verkefninu.</p> <p>Fræðsluefni um næringu, matartegundir, samsetning máltíða, nammidaga ofl sem starfsfólkið útbýr í sameiningu er ætlað til að auka orðaforða og áhuga á næringu og heilsu. Fræðsluefnið er í formi ólíkra spila og mynda til að byrja með og er unnið með börnunum utan matartíma en starfsfólki uppálagt að tengja efnið við umræður í matartímanum.</p> <p>Markmiðið er að nota þennan gæðatíma sem matartíminn getur verið til fræðslu og jákvæðra samskipta. Hér er tekið áttak í þessu og verkefnið</p> | Jan 2021     | Jan 2022     | Allt starfsfólk<br>Laufskála | Vor 2022                 |



|   |   |            |          |                           |          |
|---|---|------------|----------|---------------------------|----------|
|   | tímasett en í raun er þessi áhersla komin til að vera.  |            |          |                           |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Listakrókur og grófhreyfisvæði, meiri umræða.</li> </ul> | <p>Í mörg ár fóru börnin í hópum í skipulagðar hreyfistundir á grófhreyfisvæði leikskólans, þessir tímar viku fyrir áherslum okkar í sköpun. Leiklist hefur verið áhersla okkar í nokkur ár og ákveðið að hafa fjölbreytt verkefni innan leiklistarinnar sem gætu stutt við kröfur um grófhreyfingar innan dyra. Einnig rúmast vel innan leiklistarinnar tækifæri til myndlistar. Búninga og grímugerð, leikmyndagerð og líkamsmálun. Allt þetta kemur ekki í veg fyrir að góðar umræður um hvaða tækifæri börnin í Laufskálum fá til listsköpunar og grófhreyfingar. Þetta verður því sett á dagskrá deildarfunda.</p> | Haust 2021 | Vor 2022 | Deildarstjórar            | Vor 2022 |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Skapandi starf og Vísindi, herra undir höfði</li> </ul>  | Þetta eru tveir ólíkir þættir og verða þeim gerð skil í sitthvoru lagi.   | Mars 2021  | Vor 2021 | Allt starfsfólk Laufskála | Vor 2022 |



|  |  |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|
|  | <p>Skapandi myndlistarstarf. Við getum ekki verið sammála um að þessi þáttur þarfnist frekari athygli. Börnin hafa frjálsan að gang að efnivið til myndlistar. Myndlist er sinnt samhliða sköpun í leiklist. Myndlistin í Laufskálum er ekki alltaf á sléttu hvítu blaði heldur í formi líkamsmálningar, leikmynda og grímugerðar td. Flæði sem er í leikskólanum 3 hverju viku býður uppá myndlist í listakrók. Auk þessa eru mörg verkefni sem eru í námskrá barnanna (þau gera sjálf námskrá) þess eðlis að þó nokkur myndlist er hluti verkefnisins.</p> <p>Vísindi. Hér höfum við nýtt mannauðinn og vitum vel að ef ekki er vísindalega sinnaður starfsmaður við störf höfum við ekki sinnt þessum þætti. Tækifæri til bóta verða könnuð í starfsmannahópnum og allt starfsfólki</p> |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|





|                                  |  |           |          |  |          |
|----------------------------------|--|-----------|----------|--|----------|
|                                  | leikskólans fær tækifæri til að koma með tillögur og leita tækifæra við að gera vísindum hærra undir höfði í Laufskálum.   |           |          |  |          |
| • Ritmál sýnilegra               | Í fræðsluefni um heilsu og næringu sem verið er að útbúa í leikskólanum er ritmál haft með í hverju skrefi. Lubba verkefnið gefur okkur tækifæri til að vinna með ritmal samhliða málörvun. Merkingar við húsgögn, herbergi oþh eru leið sem áætlað er að byrja á strax.   | Feb 2021  | Vor 2022 | Allt starfsfólk Laufskála                        | Vor 2022 |
| • Mat á námi barna fjölbreyttara | Til að ná betur utanum þennan þátt ætlum við að gera skráningar á hvað matsaðferðir eru notaðar, jafnvel þó þær séu bara notaðar við sérstakar aðstæður. Við viljum bera okkur saman við aðra leikskóla og kanna vandlega hvað við viljum bæta. Styrkleikar okkar liggja í opnum hug og vilja til að gefa nýjum og gömlum hugmyndum tækifæri. Við viljum líka skoða hvort og | Mars 2021 | Vor 2021 | Matsnefnd Laufskála og Stjórnendateymi Laufskála | Vor 2022 |



|   |   |           |          |  |          |
|---|---|-----------|----------|--|----------|
|   | þá hvaða matsleið er heppileg fyrir skóla af þessari stærð með sköpun sem aðaláherslu.  |           |          |  |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldrar komi að mati á námi barna sinna</li> </ul> | Samhliða skráningum á mati og hugmyndum að „nýjum“ leiðum verður tekið tillit til að þessi þáttur fái pláss í matsleiðum okkar. | Mars 2021 | Vor 2021 | Matsnefnd Laufskála og Stjórnendateymi Laufskála | Vor 2022 |



| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu   | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta   | Hvenær hefst     | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|------------------|--------------|------------------|--------------------------|
| <b>Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl</b>  |   |                  |              |                  |                          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Lýðræðislegt val í foreldraráð.</li> </ul>                               | Höfum ekki dottið niður á góða hugmynd um hvernig hægt er að hvetja fólk meira til að bjóða sig fram. Hingað til hefur starf foreldraráðs verið kynnt og óskað eftir framboðum. Þessi kynning fer fram með tölvupósti frá leikskólastjóra, í námskynningum/foreldrafundum að hausti og í fréttabréfum | September árlega |              | Leikskólastjóri  |                          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Vinnureglur foreldraráðs</li> </ul>                                      | Þessum skilaboðum verður komið til skila til foreldraráðs við upphaf starfs hvers foreldraráðs fyrir sig  | Sept 2021        |              | Leikskólastjóri  |                          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Upplýsingar til foreldra um daglega líðan, hvíld og matarræði</li> </ul> | Þessar upplýsingar hafa verið skráðar á blað sem hengt hefur verið upp í fataherbergi eða við deildarhurð. Undanfarið ár hafa foreldrar ekki komi inn í bygginguna og ekki séð þessi blöð.  | Okt 2020         | Okt 2020     | Deildarstjórar   | Vor 2021                 |



|   |  |            |          |                 |          |
|---|--|------------|----------|-----------------|----------|
|   | Nú eru þessar upplýsingar skráðar í Völu og foreldrar geta nálgast þær með appi.   |            |          |                 |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Matseðil aðgengilegri foreldrum</li> </ul>                             | Hér er sennilega einhver misskilningur í gangi. Foreldrar hafa mikinn aðgang að matseðlinum þó hann sé ekki á heimasíðu leikskólans. Foreldrar fá matseðilinn sendan til sín í tölvupósti vikulega. Seðilinn hangir uppi við útganga leikskólans sýnilegur þegar staðið er fyrir utan leikskólann og svo er matseðilinn skráður í Völu og þar með aðgengilegur í appi. | Feb2021    | Feb 2021 | Leikskólastjóri |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Skólanámskrá hvað upplýsingar fylgja börnum í grunnskólann.</li> </ul> | Klausu um þetta verður bætt í skólanámskrá við næsta endurmat.   | Feb 2021   | Vor 2022 | Leikskólastjóri | Vor 2022 |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Heimasíða upplýsingar á fleiri tungumálum</li> </ul>                   | Þennan þátt þarf að skoða með Skóla og frístundasviði borgarinnar. Hagnýtar upplýsingar eru til að miklu leiti á nokkrum tungumálum og við þurfum að tengja þær upplýsingar við heimasíðuna okkar með krækum. Annars vegar þarf að skoða þýðingar á efni sem tengist   | Haust 2021 | Vor 2022 | Leikskólastjóri | Vor 2022 |



|  |  |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|
|  | Laufskálum beint og gera þá ráð fyrir<br>kostnaði við þýðingar í fjárhagsáætlun. |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|



| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu  | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta        | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|--|--|--------------|--------------|------------------|--------------------------|
| <b><u>Svið V – Skóli án aðgreiningar</u></b>   |  |              |              |                  |                          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Verkferlar vegna snemmtæktrar íhlutunar sýnilegri.</li> </ul> | Verkferlar eru til og verða settir á heimasíðu | Mars 2021    | Mars 2021    | Leikskólastjóri  | Vor 2021                 |



| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu                             | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta  | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar    | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|--|--------------|--------------|---------------------|--------------------------|
| <b><u>Svið VI – Innra mat</u></b>   |  |              |              |                     |                          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Hagsmunahópar í matsnefnd</li> </ul> | <p>Skipulag mats í Laufskálum var skoðað og endurbætt rækilega árin 2013-2015. Fyrirkomulagið hentar nokkuð vel og við sjáum ekki hag í því að fleiri sitji í matsnefnd en nú þegar eru þar. Ástæðan er aðallega tíminn sem fer í að sinna mati og skýrslugerð. Við náum ekki að finna tíma innan dagvinnutíma til að sinna þessu. Allt starfsfólk leikskólans kemur að mati og hefur áhrif á það. Raddir starfsmanna eru sterkar þegar kemur að mati en raddir foreldra hafa ekki fengið að njóta sín þegar kemur að mati í Laufskálum. Við höfum því ákveðið að óska eftir samstarfi við foreldra um þennan þátt. Vonumst við eftir að komast að samkomulagi sem</p> | Feb 2021     | Mars 2021    | Matsnefnd Laufskála | Vor 2023                 |



|  |   |            |          |                     |          |
|--|---|------------|----------|---------------------|----------|
|  | <p>hentar öllum (flestum).</p> <p>Hugmyndasöfnun meðal starfsmanna fer fram í feb og mars 2021</p>  |            |          |                     |          |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Innra mat 3-5 ár fram í tímann</li> </ul>               | <p>Hingað til höfum við haft þann háttinn á að áætlun um mat er til eins skólaárs í senn. Við sjáum tækifæri til að gera lengri áætlun á nokkrum þáttum en gefa okkur tækifæri til að bæta þáttum inní matið sem koma upp hverju sinni og við viljum skoða.</p>   | Vor 2021   | Vor 2025 | Matsnefnd Laufskála | Vor2025  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Stefna leikskólans viðmið um gæði og árangur</li> </ul> | <p>Leiklistarstefnan okkar og agastefnan eru okkar helstu áherslu þættir sem gætu flokkast undir þennan kafla. Bæði hafa verið í stöðugri þróun en þróunin hefur ekki verið skráð sérstaklega. Nú ætlum við að gefa okkur tækifæri á að skrá „sögu“ þessara þátta og byggja svo á þá skráningu með áframhaldandi mati. Stefnurnar eru báða margþættar og ótaltækifæri sem gefast til að mats. Við byrjum á sögunni og ákveðum svo</p> | Haust 2021 | Vor 2022 | Matsnefnd Laufskála | Vor 2024 |





|                       |  |            |            |                     |            |
|-----------------------|--|------------|------------|---------------------|------------|
|                       | framhaldið. Þetta er áætlað í mati annað hvert ár.   |            |            |                     |            |
| • Nákvæm umbótaáætlun | Þegar við höfum rekist á tækifæri til umbóta hefur starfsmannahópurinn sammælt um að laga strax og sjaldan ákveðið að umbótum skuli lokið fyrir ákveðin tíma. Á þessu verður nú gerð bragarbót og skýrsla lík þessari færð inni starfsáætlun leikskólans en þar er mat leikskólans gert opinbert ár hvert. | Sumar 2021 | Sumar 2021 | Matsnefnd Laufskála | Sumar 2022 |
| • Eftirfylgni umbóta  | Með því að dagsetja umbætur gerum við ráð fyrir að eftirfylgni verði meiri af hálfu ábyrgðaraðila.   | Vor 2022   | Vor 2023   | Matsnefnd Laufskála | Vor 2024   |
| • Kynning innra mats  | Innra mat er gefið út í starfsáætlun leikskólans ár hvert og sett á heimasíðu. Áætlað er að kynna matið á námskynningum/foreldrafundum að hausti. Starfsfólk Laufskála fær kynningu á mátinu í nokkrum skrefum. Stjórnendateymi á stjórnendafundi áður   | Sumar 2021 | Nóv 2021   | Matsnefnd Laufskála | Vor 2023   |



|   |   |            |          |                     |            |
|---|---|------------|----------|---------------------|------------|
|   | <p>en matið er gefið út og þá gefst tækifæri til athugasemda ef einhverjar eru.</p> <p>Til að kynna matið fyrir börnunum er áætlað að taka myndbönd af matsferlinu þegar börnin gera demantaskráningu, horfa á það með þeim og ræða málin.</p>  |            |          |                     |            |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Nýta kannanir sveitafélags</li> </ul>      | <p>Matsnefnd Laufskála hefur fengið þetta verkefni á sitt borð. Næsta skólaár verður notað í að kynna sér leiðir sem gefist hafa öðrum vel í að nýta sem best niðurstöður úr þeim könnunum sem borgin gerir. Mikil vilji er til að vanda til verka og því mikilvægt að matsnefnd verði hæfari í þessum hluta matsins áður en ákveðin vinnubrögð verða gefin út.</p> | Haust 2021 | Vor 2022 | Matsnefnd Laufskála | Vor 2025   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Birta greinargerð um innra mat.</li> </ul> | <p>Matið er alltaf birt á heimasíðu þegar starfsáætlun er sett þar inn í júlí ár hvert</p>  | Feb 2021   | Feb 2021 | Leikskólastjóri     | Haust 2022 |



